



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 8. apríl 2009
Ákvörðun nr. 14/2009

Misnotkun Véla og verkfæra á markaðsráðandi stöðu

Efnisyfirlit

I. Upphaf máls og málsmeðferð	3
1. Umsögn Véla og verkfæra frá 24. janúar 2008	3
2. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 13. mars 2008	4
3. Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 13. júní 2008	5
4. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2008	5
5. Bréf Véla og verkfæra frá 8. desember 2008	5
II. Efnisleg sjónarmið Véla og verkfæra	5
III. Niðurstaða	10
1. Skilgreining markaðarins	11
1.1 Sjónarmið málsaðila	11
1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins	11
1.2.1 Vöru- og þjónustumarkaður	11
1.2.1.1 Staðganga milli aðgangskerfa	12
1.2.1.2 Efni til framleiðslu höfuðlyklakerfa tilheyra sérstökum markaði	17
1.2.2 Landfræðilegur markaður málsins	18
2. Staða Véla og verkfæra á markaðnum	19
2.1 Sjónarmið aðila	19
2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins	20
2.2.1 Markaðshlutdeild og staða Véla og verkfæra	21
2.2.2 Aðgangshindranir	23
2.2.3 Meintur kaupendastyrkur og verðlagning	24
2.2.4 Niðurstaða	25
3. Misnotkun á markaðsráðandi stöðu	26
3.1 Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga	26
3.2 Brot Véla og Verkfæra	29
3.2.1 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Neyðarþjónustuna – Gler og lása	29



3.2.2 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Húsasmiðjuna	32
3.2.3 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Láshúsið	33
3.2.4 Niðurstaða	34
3.2.4.1 Um sjónarmið Véla og verkfæra.....	34
IV. Viðurlög	38
V. Ákvörðunarorð:	42



I. Upphaf máls og málsmeðferð

Aðdragandann að rannsókn Samkeppniseftirlitsins í máli þessu má rekja til ábendingar sem barst stofnuninni í janúar 2008 þess efnis að fyrirtækið Vélar og verkfæri ehf. hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir höfuðlyklakerfi og þjónustu því tengdu. Einkum var í ábendingunni vísað til einkakaupaákvæða í samningum sem Vélar og verkfæri geri við endurseljendur. Þá kemur einnig fram að Vélar og verkfæri hafi beitt óeðlilegum þvingunum til þess að endursöluaðilar þjónusti eingöngu höfuðlyklakerfi sem Vélar og verkfæri hafi einkaleyfi fyrir.

1. Umsögn Véla og verkfæra frá 24. janúar 2008

Með bréfi, dags. 18. janúar 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Vélum og verkfærum að stofnunin hefði ákveðið að hefja formlega athugun á efni ábendingarinnar, sbr. ákvæði 11. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Þá var óskað eftir afritum af öllum samningum fyrirtækisins við endurseljendur um viðskipti með lásakerfi og afritum af ársreikningum Véla og verkfæra fyrir árin 2005 og 2006, auk áætlaðrar heildarveltu fyrirtækisins fyrir árið 2007. Einnig var óskað eftir sjónarmiðum fyrirtækisins um þann markað sem Vélar og verkfæri starfi á og um leið var fyrirtækinu gefið tækifæri til að koma með athugasemdir vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á háttsemi þess.

Vélar og verkfæri svöruðu erindi Samkeppniseftirlitsins með bréfi, dags. 24. janúar 2008. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið telji að ekkert í háttsemi fyrirtækisins varði við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá segir að í einkakaupaákvæði í leyfissamningi félagsins, um leyfi til framleiðslu og sölu á kerfissylindrum og kerfislyklum frá ASSA, felist engin slík misnotkun eins og lýst sé í a-d liðum ákvæðis 11. gr. samkeppnislaga. Tilgangur ákvæðisins væri ekki að hindra samkeppni heldur að tryggja öryggi viðkvæmra trúnaðarupplýsinga og viðskiptaleyndarmála.

Þá kom fram af hálfu Véla og verkfæra að efni leyfissamninga þeirra sé hið sama og ASSA sé með á sínum heimamarkaði í Svíþjóð í því skyni að fyllsta öryggis sé gætt, m.a. gagnvart eigendum höfuðlyklakerfanna á hverjum stað. Þannig sé þetta einungis samningur um viðkvæma þjónustu og aðeins gerður við nána samstarfsaðila Véla og verkfæra. Ef umrætt samningsákvæði færi í bága við samkeppnislög myndi það leiða til þess að Vélar og verkfæri myndu ekki gera leyfissamninga við aðra heldur annast þá þjónustu sjálf sem um ræðir en það geri fyrirtækið reyndar og hafi gert að mestu leyti í gegnum tíðina. Leyfissamningur sem um ræði sé fyrst og fremst til hagsbóta fyrir viðkomandi þjónustuaðila, en með skilmálum sem Vélar og verkfæri geti ekki hvikað frá.

Í bréfinu segir að miklir hagsmunir séu við það bundnir að algert og fullkomið traust ríki á milli þjónustuaðila Véla og verkfæra annars vegar og viðskiptavina Véla og verkfæra hins vegar sem hafi höfuðlyklakerfi frá fyrirtækinu. Leyfissamningum sé ætlað að tryggja það traust og bregðist það geti það leitt til verulegs skaða fyrir eigendur höfuðlyklakerfa.

Af hálfu Véla og verkfæra er tekið fram að fyrirtækið hafi aldrei mismunað viðskiptavinum sínum, þ.m.t. umræddum leyfishöfum. Þjónustuaðilar fyrirtækisins hafi allir fengið sömu viðskiptakjör og sömu aðstöðu á markaði. Þeir byggja upp sín viðskiptasambönd og fái auk þess að þjóna vörum (höfuðlyklakerfum) sem Vélar og verkfæri hafi selt í gegnum árin. Þessi samvinna krefjist auk fullkomins trausts, mikils og



náins samstarfs á milli Véla og verkfæra, þjónustuaðila fyrirtækisins og ASSA AB í Svíþjóð. Leyfissamningurinn sé leið til að tryggja þetta samstarf og traust.

Að mati Véla og verkfæra brýtur efni umrædds leyfissamnings ekki gegn neinum lögum. Að öðrum kosti væri allt í uppnámi varðandi rekstur Véla og verkfæra og fjölda fyrirtækja á Íslandi með því að keppinautar fengju þar með aðgang að viðskiptamannaskrár fyrirtækisins.

2. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 13. mars 2008

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. mars 2008, var óskað eftir upplýsingum um heildartekjur af sölu á innfluttum höfuðlyklakerfum til endursöluaðila frá árinu 2002 til loka ársins 2007 frá fyrirtækjunum Vélum og verkfærum, Byko hf., Húsasmiðjunni hf., Neyðarþjónustunni ehf., K. Þorsteinsson & Co ehf. og Láshúsinu ehf. Einnig var óskað eftir upplýsingum um heildartekjur viðkomandi fyrirtækja af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld væru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina. Svör bárust frá öllum fyrirtækjunum.

Í svarbréfi K. Þorsteinssonar & Co, dags. 26. mars 2008, segir að fyrirtækið hafi ekki staðið í innflutningi á höfuðlyklakerfum á árunum 2002 til 2007. Einnig eru í bréfinu veittar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina.

Með tölvupósti frá Neyðarþjónustunni, dags. 27. mars 2008, bárust engin svör við ósk Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar varðandi heildartekjur af innfluttum höfuðlyklakerfum en komið hefur fram við rannsókn málsins að fyrirtækið stundar ekki innflutning á efnum til að búa til höfuðlyklakerfi. Aftur á móti voru veittar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina en tekið fram að ekki væri hægt að finna út upphæðir vegna þjónustu á höfuðlyklakerfum.

Í svarbréfi Láshússins, dags. 30. mars 2008, kemur fram að fyrirtækið stundi ekki innflutning af neinu tagi. Þá eru veittar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina en tekið fram að erfitt sé að gefa nákvæmar upplýsingar um hve mikill hluti sölunnar var í höfuðlyklakerfum.

Á fundi með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins var svarbréf Véla og verkfæra afhent. Í bréfinu, dags. 31. mars 2008, segir að vissir meinbugir séu á því að fyrirtækið geti veitt nákvæmar upplýsingar um heildartekjur af sölu á efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum og þjónustu við þau. Það hafi þó fyrirtækið gert með þeirri nákvæmni sem því hafi verið unnt. Einnig er tekið að fram að Vélar og verkfæri flytji ekki inn höfuðlyklakerfi heldur efni til að búa til höfuðlyklakerfi. Í bréfinu eru veittar upplýsingar um annars vegar heildartekjur fyrirtækisins af sölu á efni til endursöluaðila til framleiðslu á höfuðlyklakerfum og hins vegar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina.



Með svarbréfi Byko, dags. 3. apríl 2008, kemur fram að fyrirtækið hafi ekki sjálft stundað innflutning og sölu á höfuðlyklakerfum á árunum 2002 -2007. Þá eru veittar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina.

Með tölvupósti frá Húsasmiðjunni, dags. 11. apríl og 14. apríl 2008, barst svar frá fyrirtækinu. Þar segir að Húsasmiðjan flytji ekki inn höfuðlyklakerfi heldur kaupi þau af innlendum aðila. Þá eru veittar upplýsingar um heildartekjur fyrirtækisins af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld voru beint til neytenda eða annarra viðskiptavina.

3. Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins frá 13. júní 2008

Andmælaskjal var sent Vélu- og verkfærum þann 13. júní 2008 ásamt lista yfir gögn málsins. Í skjalinu er komist að þeirri frumniðurstöðu að félagið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína og farið með því gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Athugasemdir Véla og verkfæra bárust með bréfum, dags. 22. júlí 2008 og 24. júlí 2008.

4. Upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2008

Samkeppniseftirlitið ákvað að senda upplýsingabeiðni, dags. 13. október 2008, til helstu sölu- og þjónustuaðila höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa. Var í því erindi óskað eftir upplýsingum um verð, kostnað við viðhald sem og eiginleika og möguleika annars vegar höfuðlyklakerfa og hins vegar rafrænna miðlægra aðgangskerfa. Svör bárust frá öllum fyrirtækjunum, en þau voru Neyðarþjónustan, Láshúsið, Húsasmiðjan, Byko, K. Þorsteinsson og Co., Öryggismiðstöðin, Securitas og Nortek.

Í framhaldi af því tilkynnti Samkeppniseftirlitið Vélu- og verkfærum með bréfi, dags. 27. nóvember 2008, að aflað hefði verið nýrra gagna og var þeim sendur nýr og uppfærður gagnalisti. Þá var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með tölvupósti þann 27. nóvember 2008 óskuðu Vélar og verkfæri eftir afritum allra gagna málsins sem ekki höfðu þegar verið afhent þeim og væru ekki háð trúnaði. Með bréfi, dags. 3. desember 2008, voru þau gögn afhent Vélu- og verkfærum ásamt uppfærðum gagnalista.

5. Bréf Véla og verkfæra frá 8. desember 2008

Vélar og verkfæri sendu Samkeppniseftirlitinu bréf, dags. 8. desember 2008. Í því bréfi gerir fyrirtækið athugasemdir við gagnaöflun stofnunarinnar að því er varðar öflun upplýsinga frá samkeppnisaðilum Véla og verkfæra. Að mati Véla og verkfæra hafði Samkeppniseftirlitið ekki aflað upplýsinga frá fyrirferðarmiklum keppinautum og nefna Skaftfell ehf., Brynju, Húsaco ehf. og Aseta í því sambandi.

Samkeppniseftirlitið kannaði hjá framangreindum aðilum hvort og þá hvaða aðgangskerfi þeir hefðu til sölu og var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að sú rannsókn veitti ekki tilefni til frekari gagnaöflunar hvað varðar verð, eiginleika og kostnað við viðhald á annars vegar höfuðlyklakerfum og hins vegar rafrænum aðgangskerfum.

II. Efnisleg sjónarmið Véla og verkfæra

Athugasemdir Véla og verkfæra vegna andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins bárust eins og fyrr sagði með bréfum dags. 22. júlí 2008 og 24. júlí 2008. Í athugasemdunum voru



m.a. sett fram sjónarmið um skilgreiningu á markaðnum, stöðu Véla og verkfæra á honum og um meinta misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu.

Af hálfu Véla og verkfæra kemur fram að athugasemdir þeirra snúi í meginatriðum að tveimur þáttum. Annars vegar telur fyrirtækið að Samkeppniseftirlitið skilgreini markaðinn ranglega og þar með sé staða þess á markaðnum ranglega metin. Hins vegar telur fyrirtækið að þau ákvæði í samningum fyrirtækisins sem talin eru fela í sér einkakaupaákvæði séu byggð á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér misnotkun á meintri markaðsráðandi stöðu.

Um þjónustumarkaðinn

Í athugasemdum Véla og verkfæra kemur fram að fyrirtækið starfi á markaði fyrir aðgangskerfi og hafnar það þeirri staðhæfingu Samkeppniseftirlitsins að það starfi einkum á markaði fyrir höfuðlyklakerfi. Hlutfall höfuðlyklakerfa hafi þannig einungis verið ca. [...] %¹ af heildarveltu fyrirtækisins á hverju ári frá árinu 2003.

Vélar og verkfæri mótmæla því í athugasemdum sínum að fyrir hendi séu ákveðnir og nánar tilgreindir undirmarkaðir. Markaðinn í málinu skuli skilgreina sem aðgangskerfi, þ.m.t. stakir lykklar og lásar, höfuðlyklakerfi og rafræn aðgangskerfi.

Fyrirtækið telur tvímælalaust vera um staðgöngu að ræða á milli stakra lykla og lásar, höfuðlyklakerfis og rafræns aðgangskortakerfis, enda uppfylli þau sömu þarfir, verð sé áþekkt og mörg dæmi megi finna þar sem viðskiptavinir hafi fært sig á milli þessara kerfa.

Höfuðlyklakerfi geta, að mati Véla og verkfæra, verið einn sylindur eða fjöldi sylindra þar sem viðkomandi aðili vilji hafa stjórn á afritun lykla en einnig séu til höfuðlyklakerfi með rafrænni stýringu. Þá séu til á markaðnum sylindrar með ýmsum eiginleikum rafeindastýrðs aðgangskerfis og þá samþætti neytendur oft og tíðum notkun mismunandi aðgangskerfa, s.s. bæði höfuðlyklakerfi og rafeindastýrð aðgangskerfi. Að mati Véla og verkfæra má því skilgreina aðgangskerfi sem stighækkandi lausnir, s.s. höfuðlyklakerfi, höfuðlyklakerfi með rafeindastýrðum aðgangi, aðgangskerfi „off-line“ (raflöðuknúnnir lesarar o.fl. sem ekki eru beintengdir í miðlæga tölvu) og aðgangskerfi „on-line“ (lesarar og annar slíkur búnaður tengdur miðlægt í tölvu). Einnig séu rafeindastýrð aðgangskerfi oftast með sylindur að auki.

Að mati Véla og verkfæra eru þarfir neytenda áþekkar þó valið standi sannanlega á milli nokkurra kerfa. Vélar og verkfæri telja að ef beitt sé SNIP-prófi komi í ljós að ef verð höfuðlyklakerfa væri hækkað um 5-10% myndu viðskiptavinir að öllum líkindum snúa sér til annarra aðila á markaðnum, þ.e. til þeirra sem bjóði upp á staka lykla og lásar annars vegar eða rafræn aðgangskerfi hins vegar.

¹ Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari. Tölulegar upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili, t.d. [5-10] %.

² Tilkypping Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), 98/EES/28/01.

³ Sjá hér t.d. upplýsingarit IKON (ASSA ABLOY Group brand) *Locking systems that leave nothing open*. Þar er gerð grein fyrir því að annars vegar höfuðlyklakerfi og hins vegar rafeindastýrð aðgangskerfi (mechatronic locking system) uppfylli mismunandi þarfir viðskiptavina. Höfuðlyklakerfið sé ódýra, einfaldara og búi yfir mun



Vélar og verkfæri eru ósammála þeirri staðhæfingu Samkeppniseftirlitsins að mikill munur sé á kostnaði þegar aðgangskerfi eru skoðuð og raunar sé kostnaður afar áþekkur í grundvallaratriðum en auðvitað megi bæta við og breyta algengum uppsetningum og fá þannig til muna dýrari vöru.

Í bréfi Véla og verkfæra kemur fram að verð á höfuðlyklakerfum án rafeindastýrðs aðgangs hafi verið nokkuð stöðugt. Verð á höfuðlyklakerfum með rafeindastýrðum aðgangi sé svipaður og „off-line“ aðgangskerfi, þar sem verð hafi lækkað verulega undangengin ár. Verð á „on-line“ aðgangskerfum fari einnig stöðugt lækkandi. Þá er bent á að oft sé aðgengi leyst með rafrænu aðgangskerfi í útihurð og stöðluðum sylindrum í öðrum hurðum. eru sett fram dæmi um kostnað tveggja aðgangskerfa.

Vélar og verkfæri benda á að flæði neytenda frá einu kerfi til annars sé mikið, sérstaklega milli höfuðlyklakerfa og rafræns aðgangs. Oft sé stökum lyklum og lásum skipt út fyrir höfuðlyklakerfi og dæmi nefnd um slíkt í athugasemdunum og þá er bent á að algengt sé að höfuðlyklakerfum sé skipt í staðlaða lykla og lása. Að mati Véla og verkfæra er staðganga á milli þessara tveggja kerfa enda þjóni bæði kerfin þeirri þörf neytenda að læsa húsakynnum sínum fyrir óviðkomandi aðilum.

Að mati Véla og verkfæra er ennfremur auðsýnt að staðganga sé á milli höfuðlyklakerfis og rafræns aðgangskerfis. Báðar vörurnar séu sérsniðnar að þörfum viðskiptavinarins auk þess sem ekki muni miklu í verði þessara tveggja aðgangskerfa. Vélar og verkfæri eru þannig ósammála þeirri staðhæfingu og rökstuðningi Samkeppniseftirlitsins að kostnaður við rekstur, innkaup og uppsetningu aðgangskerfa sé dýrari en kostnaður við höfuðlyklakerfi. Kostnaður við rafræn aðgangskerfi verði áþekkur eða jafnvel lægri en kostnaður við höfuðlyklakerfi sé t.d. notuð aðgangsstýring á sameign en staðlaðir sylindrar í íbúðahurðir, geymslur o.fl.

Þá benda Vélar og verkfæri á að höfuðlyklakerfi líkjast í æ ríkari mæli rafrænu aðgangskerfi. Þannig er hægt að koma fyrir sylindrum sem eru með rafeindastýrðum aðgangi. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafi skipt úr höfuðlyklakerfum yfir í rafræn aðgangskerfi.

Þannig telja Vélar og verkfæri að staðganga sé á milli annars vegar höfuðlyklakerfa og hins vegar rafrænna aðgangskortakerfa og stakra lykla og lása þar sem eiginleikar varanna séu áþekkir og kostnaður við að koma sér upp og viðhalda framangreindum aðgangskerfum sé áþekkur.

Vélar og verkfæri eru eini aðilinn sem flytur inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Þar sem Vélar og verkfæri telja að um staðgöngu sé að ræða milli höfuðlyklakerfa, rafrænna aðgangskortakerfa og stakra lykla og lása telur fyrirtækið enn fremur ljóst að markað í málinu skuli skilgreina sem sölu á efni til þess að framleiða aðgangskerfi. Þar sem sá markaður sé afar stór telur fyrirtækið engum vafa undirorpið að áhrif Véla og verkfæra (með innflutningi á efni til framleiðslu höfuðlyklakerfa) á framangreindan markað fyrir aðgangskerfi séu afar lítil.

Um landfræðilega markaðinn



Vélar og verkfæri taka undir það sjónarmið Samkeppniseftirlitsins að hinn landfræðilegi markaður varðandi efni til þess að framleiða aðgangskerfi skuli vera Ísland. Aftur á móti fellst fyrirtækið ekki á að landfræðilegi markaður hins tengda vörumarkaðar í málinu, þ.e. sala á tilbúnum aðgangskerfum, sé takmarkaður við Ísland. Fram kemur í athugasemdum Véla og verkfæra að fyrirtækið eigi í harðri samkeppni við erlenda aðila og því telur fyrirtækið að landfræðilegur markaður á hinum tengda markaði skuli vera Evrópa.

Staða fyrirtækisins á hinum skilgreinda markaði

Í athugasemdum Véla og verkfæra eru gerðar athugasemdir við mat Samkeppniseftirlitsins á stöðu fyrirtækisins á hinum skilgreinda markaði. Vélar og verkfæri halda því fram að fyrirtækið sé ekki í markaðsráðandi stöðu á markaðnum þar sem fyrirtækið hafi ekki þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði og geti ekki á nokkurn hátt starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Þar sem markaðsskilgreining Samkeppniseftirlitsins er ekki rétt að mati Véla og verkfæra telur fyrirtækið að mat Samkeppniseftirlitsins á stöðu þess sé ekki rétt.

Í athugasemdum Véla og verkfæra er bent á að fjöldi aðila flytji inn efni til að framleiða annars konar aðgangskerfi en höfuðlyklakerfi. Ekkert standi því þó í vegi að aðrir aðilar flytji einnig inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Þeim sem framleiða og selja höfuðlyklakerfi sé í lófa lagið að gera samninga við erlenda aðila um innflutning á efni til framleiðslu. Því mótmæla Vélar og verkfæri því að fyrirtæki sem framleiði og selji tilbúin höfuðlyklakerfi séu verulega háð fyrirtækinu um efni til framleiðslu.

Vélar og verkfæri benda á að fjöldi aðila flytji inn efni til að framleiða staka lykla og lása og rafræn aðgangskerfi og nefnir í því sambandi m.a. Securitas, Öryggismiðstöðina, Nortek, Skaftfell, Verslunina Brynju, Aseta, Neyðarþjónustuna og Lásapjónustuna. Fyrirtækið geti ekki starfað án þess að taka tillit til þessara aðila.

Vélar og verkfæri telja að markaðshlutdeild þeirra á sölu efna til framleiðslu aðgangskerfa sé töluvert undir 50% og þá sé markaðshlutdeild fyrirtækisins á hinum tengda markaði miklu minni en 20% enda keppi fyrirtækið þar einnig við erlenda aðila.

Hvað varðar aðgangshindranir telur Vélar og verkfæri að dregnar séu of víðtækar ályktanir í umfjöllun í andmælaskjali um þær. Raunin sé sú að allir sem óski eftir því geti, án mikils tilkostnaðar, flutt inn efni til þess að framleiða aðgangskerfi. Vélar og verkfæra telja ekki að fyrirtækið hafi lokað markaðnum eða gert aðilum sérlega erfitt að flytja inn efni til þess að framleiða aðgangskerfi með því að setja ákvæði í samninga um bann við því að flytja inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi.

Vélar og verkfæri halda því fram að fyrirtækið geti ekki hagað verði eftir eigin hentisemi og verði að taka tillit til þeirrar samkeppni sem sé á markaðnum og benda á að verð þeirra hafi í raun lækkað (þ.e. ekki hækkað í samræmi við vísitölu) og framlegð minnkað. Þá bendir fyrirtækið á að verðlagning höfuðlyklakerfa hér á landi sé til muna lægri en það verð sem stendur til boða á hinum Norðurlöndunum. Væri fyrirtækið með yfirburðastöðu á markaðnum væri verðlagning þess til muna hærri, enda þyrfti fyrirtækið þá ekki að taka tillit til neytenda, viðskiptavina og samkeppnisaðila.



Um meinta misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Vélar og verkfæri telja að þar sem fyrirtækið sé ekki í markaðsráðandi stöðu geti samningar þess ekki talist andstæðir 11. gr. samkeppnislaga. Fyrirtækið áréttar að hvernig sem staða þess á markaðnum verði metin, feli viðskiptasamningar þess ekki í sér ákvæði sem séu skaðleg samkeppni, viðskiptavinum eða neytendum.

Í bréfi Véla og verkfæra er fjallað um í hverju starfsemi fyrirtækisins felst. Þannig kaupi neytendur höfuðlyklakerfi af þjónustuaðilum ASSA á Íslandi, þ.e. Húsasmiðjunni, Lášúsinu, Neyðarþjónustunni og Vélum og verkfærum. Höfuðlyklakerfi séu sett upp á teikningu og óskað eftir nánar tilgreindum útreikningum frá ASSA AB í Svíþjóð og þegar niðurstaðan berist sé höfuðlyklakerfið sett í framleiðslu hjá viðkomandi þjónustuaðila. Umsýsla sé veitt þjónustuaðilum og eigendum höfuðlyklakerfa án endurgjalds og ennfremur vinna ASSA AB.

Allir framleiðendur, þ.m.t. ASSA, setji afar ströng skilyrði varðandi öryggi þegar um sé að ræða framkvæmd á þjónustu við höfuðlyklakerfi. Ríkar kröfur séu gerðar til Véla og verkfæra af hálfu ASSA til að vernda orðspor fyrirtækisins og er nefnt í bréfi Véla og verkfæra að fyrirtækið sé eini aðilinn hér á landi sem hafi uppfyllt ströng skilyrði varðandi öryggisþáttinn.

Í bréfi Véla og verkfæra er því dregin sú ályktun að innflutningur á efni til framleiðslu höfuðlyklakerfa sé fjarri því að vera auðsóttur. Að mati Véla og verkfæra er ástæða þess að fleiri aðilar hafi ekki flutt inn efni í höfuðlyklakerfi sú að erlendir aðilar setji þeim sem vilji selja þessi efni ströng skilyrði.

Vélar og verkfæri benda á í bréfi sínu að þegar greina eigi þá samninga sem Samkeppniseftirlitið hafi til skoðunar sé mikilvægt að hafa í huga að hegðun sem ekki hafi neikvæð efnahagsleg áhrif í för með sér, og þar með markaðshindranir og/eða skaða fyrir neytendur, feli ekki í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Sú staðreynd að athafnir viðskiptalegs eðlis kunni að fela í sér einkarétt, verðmismun/mismunun eða lágt verð, breyti ekki þessari niðurstöðu- allir þessir þættir kunni undir vissum kringumstæðum að hafa skaðleg áhrif á samkeppni en hér sé ekki um það að ræða. Samningar í þessa veru geti í framkvæmd haft mikilvægan viðskiptalegan tilgang og aukið samkeppni.

Í athugasemdum Véla og verkfæra er bent á að undirritaðir hafa verið nýir samningar bæði við Húsasmiðjuna og Lášúsið. Þau ákvæði sem Samkeppniseftirlitið telji fela í sér einkakaupaákvæði séu ekki í endanlegum undirrituðum útgáfum samninganna. Vélar og verkfæri taka þó fram að slíka breytingu skuli ekki túlka sem viðurkenningu þeirra á því að um einkakaupaákvæði hafi verið að ræða sem fari í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Vélar og verkfæri mótmæla því að í þeim ákvæðum sem Samkeppniseftirlitið er með til skoðunar felist einkakaupaákvæði sem fari í bága við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Ákvæðin hafi einvörðungu verið sett í samninga við þjónustuaðila til að tryggja fyllsta öryggi og til að koma í veg fyrir misnotkun á mikilvægum viðskiptaupplýsingum (e. know-how). Um sé að ræða viðkvæmar öryggisupplýsingar en prófílar í höfuðlyklakerfum hafi mismunandi hátt öryggisstig. Þjónustuaðilar hafi aðgang að prófílum og nýsmíði



höfuðlyklakerfa og hafi ennfremur aðgang að öllum kerfum sem Vélar og verkfæri hafi selt frá upphafi hérlendis. Því telja Vélar og verkfæri að það stefni orðspori og trúnaðarupplýsingum varðandi vörur fyrirtækisins í hættu ef þjónustuaðili hefði einnig umboð fyrir annað vörumerki í höfuðlyklakerfum. Of mikil hætta sé á að viðkvæmar upplýsingar flæði á milli hafi þjónustuaðili umboð fyrir tvenns konar höfuðlyklakerfi.

Vélar og verkfæri benda á í bréfi sínu að á þeim hafi ekki hvílt nein skylda að veita öðrum aðilum, m.a. samkeppnisaðilum fyrirtækisins, umboð til að þjónusta umrætt höfuðlyklakerfi. Vélar og verkfæri hefðu þannig getað setið ein að þessum hluta markaðarins. Fyrirtækið hafi aftur á móti kosið að leyfa fleiri aðilum að þjónusta höfuðlyklakerfið þrátt fyrir að slíkt leiddi til minni tekna fyrir fyrirtækið.

Að mati Véla og verkfæra eru þeir samningar sem eru til skoðunar í málinu sérleyfissamningar. Með samningunum sé þjónustuaðila veitt heimild til að framleiða það höfuðlyklakerfi sem efnið sem fengið er hjá fyrirtækinu er ætlað í. Vélar og verkfæri gætu sjálf séð um alla framleiðslu ASSA höfuðlyklakerfa ef fyrirtækið kysi svo. Fyrirtækið hafi aftur á móti ákveðið að heppilegra væri að fleiri aðilar kæmu að framleiðslunni og varan væri þar með aðgengilegri. Framleiðslunni væri því í raun úthýst að miklu leyti til þjónustuaðilanna.

Í bréfi Véla og verkfæra er farið yfir megineinkenni sérleyfissamninga. Fjallað er um þær skuldbindingar sem sérleyfisgjafa sé heimilt að leggja á sérleyfistaka og er það niðurstaða Véla og verkfæra að markmið þeirra skuldbindinga sé að mestu leyti að vernda vörumerkið og orðspor sérleyfisgjafa. Vélar og verkfæri hafi ríka hagsmuni af því að sá sem fái leyfi til að framleiða ASSA höfuðlyklakerfi sé einvörðungu að framleiða höfuðlyklakerfi fyrir fyrirtækið. Þeim aðila sé þó frjálst að framleiða annars konar aðgangskerfi þar sem ekki sé hægt að nýta þær upplýsingar sem fáist við framleiðslu höfuðlyklakerfa í önnur aðgangskerfi. Þá hafi þau ákvæði í samningunum, sem eru til skoðunar, ekki og geti ekki haft hamlandi áhrif á samkeppni þar sem fyrirtækið eigi í verulegri og harðri samkeppni við reynslumikla keppinauta. Velta og hagnaður þeirra sé að líkindum mun meiri en Véla og verkfæra. Verð fyrirtækisins hafi ekki hækkað í samræmi við kostnað heldur hafi álagning þess lækkað. Með aukinni tækni og þróun hafi fyrirtækið tapað markaðshlutdeild og keppinautum fari sífellt fjölgandi.

Þjónustuaðilar Véla og verkfæra hafa, að mati fyrirtækisins, mikinn kaupendastyrk og geti beitt honum í samningaviðræðum við fyrirtækið. Þeir séu í góðri aðstöðu til að gæta stöðu sinnar og koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun af hálfu Véla og verkfæra. Þessir aðilar myndu aldrei líða neins konar ofríki af hendi fyrirtækisins, væri um slíkt að ræða.

III. Niðurstaða

Í máli þessu er til rannsóknar hvort Vélar og verkfæri hafi með samningum sínum brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt ákvæðinu er misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu bönnuð. Til þess að fyrirtæki geti verið brotlegt við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga verður það að vera markaðsráðandi. Í því skyni að meta hvort fyrirtæki er markaðsráðandi þarf að skilgreina viðkomandi markað og kanna stöðu einstakra fyrirtækja á honum. Í þessum kafla verður markaður þessa máls skilgreindur sem og lagt mat á stöðu Véla og verkfæra á hinum skilgreinda markaði.



1. Skilgreining markaðarins

1.1 Sjónarmið málsaðila

Í athugasemdum Véla og verkfæra við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins kemur fram að fyrirtækið starfi á markaði fyrir aðgangskerfi og mótmælir fyrirtækið því sem fram kemur í andmælaskjalinu að fyrirtækið starfi einkum á markaði fyrir höfuðlyklakerfi.

Að mati Véla og verkfæra er markaður málsins sala á efnunum til að framleiða aðgangskerfi. Þá telja Vélar og verkfæri að tengdan markað megi skilgreina sem markað fyrir aðgangskerfi, þ.m.t. stakir lykklar og lásar, höfuðlyklakerfi og rafræn aðgangskerfi. Þannig séu ekki fyrir hendi ákveðnir og nánar tilgreindir undirmarkaðir. Staðganga sé á milli stakra lykla og lásar, höfuðlyklakerfis og rafræns aðgangskortakerfis enda uppfylli þau sömu þarfir, verð sé áþekkt og mýmörg dæmi séu þess að viðskiptavinir hafi fært sig milli kerfa.

Í athugasemdum Véla og verkfæra er því mótmælt að landfræðilegi markaðurinn á hinum tengda markaði, þ.e. sölu á tilbúnum aðgangskerfum, í málinu sé Ísland. Markaður fyrir sölu á tilbúnum aðgangskerfum skuli vera Evrópa því á þeim markaði séu Vélar og verkfæri í samkeppni við erlenda aðila, aðallega innan Evrópu. Vélar og verkfæri eru þó á því að hinn landfræðilegi markaður varðandi efni til þess að framleiða aðgangskerfi skuli vera Ísland.

1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Samkvæmt ákvæði 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í t.d. málum nr. 17–18/2003 *Icelandair ehf. og Iceland Express ehf. gegn samkeppnisráði* er á það bent að viðtekin venja sé í samkeppniserétti að skilgreina markaðinn út frá eftirspurnarlið hans. Í úrskurðinum er einnig bent á að markaðsskilgreiningar geti ekki verið nákvæmar og séu aðeins notaðar til viðmiðunar.

1.2.1 Vöru- og þjónustumarkaður

Í málinu er til rannsóknar hegðun fyrirtækisins Vélar og verkfæri vegna sölu á efnunum til að framleiða höfuðlyklakerfi. Eins og nánar verður lýst hér á eftir samanstanda



höfuðlyklakerfi af mismunandi lásum og lyklum fyrir tiltekna fasteign þar sem þó er til staðar einn höfuðlykill sem gengur að öllum lásum. Auk efna til að framleiða höfuðlyklakerfi selja Vélar og verkfæri m.a. höfuðlyklakerfi beint til notenda. Uppbygging markaðarins er með þeim hætti að Vélar og verkfæri flytja inn efni til að framleiða höfuðlyklakerfi frá m.a. ASSA. Fyrirtækið gerir samninga við þjónustuaðila hér á landi um leyfi til handa þeim til að framleiða, selja og þjónusta höfuðlyklakerfi og kaupa þjónustuaðilarnir efni til að framleiða höfuðlyklakerfi frá Véllum og verkfærum. Þjónustuaðilar selja tilbúin höfuðlyklakerfi til notenda en Vélar og verkfæri selja enn fremur slík tilbúin höfuðlyklakerfi beint til notenda.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins var komist að þeirri niðurstöðu að sala á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi væri sérstakur markaður. Jafnframt var byggt á því að höfuðlyklakerfi tilheyrðu sérstökum markaði. Vélar og verkfæri halda því hins vegar fram að full staðganga sé á milli stakra lykla og lása, höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa. Er því þannig haldið fram að um sé að ræða einn markað fyrir öll aðgangskerfi. Sökum þessa virðist fyrirtækið byggja á því að það starfi á markaðnum fyrir sölu á efnum til framleiðslu hvers kyns aðgangskerfa.

Í ljósi þessa verður því fyrst að taka afstöðu til þess hvort höfuðlyklakerfi tilheyri sérstökum markaði. Að því búnu verður tekin afstaða til þess hvort að sala á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi sé sérstakur markaður eða hvort sá markaður sé víðari eins og Vélar og verkfæri halda fram.

1.2.1.1 Staðganga milli aðgangskerfa

Aðgangskerfi má skilgreina sem hvers konar búnað sem veitir aðgang að fasteignum. Tilgangur með aðgangskerfum er fyrst og fremst að tryggja öryggi fasteigna. Til eru margvíslegar tegundir og útfærslur af aðgangskerfum, t.d. venjulegir stakir lykklar og lásar, höfuðlyklakerfi og rafræn aðgangskerfi. Aftur á móti telur Samkeppniseftirlitið að eiginleikar og verð þessara mismunandi tegunda aðgangskerfa sé það ólíkt að þau tilheyri sitt hverjum markaðinum. Skal þetta rökstutt nánar.

Hefðbundnir stakir lykklar og lásar tryggja öryggi fasteignar. Þeir búa þó ekki yfir þeim sveigjanleika sem höfuðlyklakerfi veitir varðandi mismunandi aðgang að vistarverum með hverjum lykli fyrir sig. Þegar hefðbundnir lykklar og lásar eru notaðir er ekki fyrir hendi einn höfuðlykill sem veitir aðgang að öllum lásnum fasteignarinnar. Ljóst er að venjulegir stakir lykklar og lásar eru ódýrari heldur en höfuðlyklakerfi. Þá uppfylla stakir lykklar og lásar ekki þá þörf neytenda að geta með einföldum hætti, þ.e. einum lykli eða korti, haft aðgang að mörgum rýmum fasteignar. Stakir lykklar og lásar hafa því hvað varðar verð, eiginleika og þörf neytenda aðra eiginleika en bæði höfuðlyklakerfi og rafræn aðgangskerfi, sbr. eftirfarandi umfjöllun.

Höfuðlyklakerfi samanstanda af mismunandi lásnum og lyklum fyrir tiltekna fasteign þar sem þó er til staðar einn höfuðlykill sem gengur að lásnum í öllum rýmum. Höfuðlyklakerfi eru þannig mekanísk kerfi. Þau bjóða upp á þann möguleika að hægt er að veita einstaklingum takmarkaðan sem og mismunandi aðgang að tiltekinni fasteign en fyrir hendi verði samt sem áður einn höfuðlykill sem veitir aðgang að öllum rýmum fasteignarinnar. Þannig veitir höfuðlykillinn aðgang að öllum lásnum í viðkomandi lyklakerfi.



Eiginleikar þessarar vöru- og þjónustu eru þeir að með henni er tryggt öryggi fasteignar, sveigjanleiki við að veita mismunandi aðgang að fasteigninni og sá kostur að hafa einn höfuðlykil sem veitir aðgang að öllum rýmum fasteignarinnar.

Aðgangskerfi hafa þróast með aukinni tækni og er þriðji flokkur aðgangskerfa svokölluð rafræn aðgangskerfi. Rafræn aðgangskerfi eru nú til í sífellt fjölbreyttari útfærslum og má skipta þeim vörum á fleiri en einn markað eftir eiginleikum og verði þeirra. Í meginatriðum má lýsa þeim sem kerfum þar sem notast er við rafræna þætti í uppsetningu og gerð þeirra, andstætt höfuðlyklakerfum. Rafræn aðgangskerfi eru því kerfi sem bjóða upp á meiri möguleika og aukna þjónustu til handa notendum. Eðli máls samkvæmt falla mismunandi tegundir rafrænna aðgangskerfa í þennan flokk, t.d. kerfi með rafeindastýrðum sylindrum („mechatronic“ sylindrar) og rafræn aðgangskortakerfi.

Rafræn aðgangskerfi fela í sér alla eiginleika og kosti höfuðlyklakerfa. Eins og áður sagði þá eru rafræn aðgangskerfi nokkuð fjölbreytt en heilt yfir fæst með þeim meira öryggi og sveigjanleiki. Sveigjanleikinn lýsir sér m.a. í því að auðvelt er að loka fyrir aðgang lykils ef hann glatast eða opna fyrir aðgang lykils. Þá er með slíkum kerfum oft hægt að rekja, ef þörf er á, hver var í ákveðnum vistarverum á tilteknum tíma. Slíkur rekjanleiki eykur öryggi á viðkomandi stað. Rafræn aðgangskortakerfi bjóða upp á þá möguleika að tengja þau við margskonar kerfi, t.d. starfsmannakerfi, innbrotsviðvörðunarkerfi, brunavarnarkerfi og myndavélakerfi. Þá liggur fyrir að flest rafræn aðgangskerfi geta gert notendum kleift að afla og skrá upplýsingar um aðgang að fasteign á grundvelli hinna rafrænu aðgangskerfa, t.d. með því að tengja kerfið við hugbúnað.

Samkeppniseftirlitið telur að verð hinna mismunandi aðgangskerfa gefi skýrt til kynna að ekki sé um staðgöngu að ræða á milli höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa. Samkeppniseftirlitið leitaði eftir upplýsingum hjá söluaðilum höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa um verð, kostnað við viðhald og eiginleika kerfa þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir mismunandi verð annars vegar höfuðlyklakerfa og hins vegar rafrænna aðgangskerfa eftir söluaðilum fyrir annars vegar fasteign með fyrirtækjarekstri með fjórum hurðum og hins vegar fjölbýlishús með 10 íbúðum.



Tafla 1. Upplýsingar um verð höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa

VERÐ ER ÁN VSK	FASTEIGN MEÐ FJÓRUM HURÐUM	HÖFUÐLYKLAKERFI	RAFRÆN AÐGANGSKERFI
Öryggismiðstöðin	Rafrænt aðgangskortakerfi		791.261
Securitas	Rafrænt aðgangskortakerfi		[...]
Nortek	Rafrænt aðgangskortakerfi		600.000-800.000
Vélar og verkfæri	HLK 1: Skandinavískur staðall	26.000	
	HLK 1: Þýskur staðall	38.000	
	HLK 2: Skandinavískur staðall	42.941	
	HLK 2: Þýskur staðall	51.177	
	Skand. staðall - Rafeindast.		194.102
	Þýskur staðall - Rafeindast.		202.342
	Aðgangskerfi on-line f/snertilykla		152.000-192.771
	Aðgangskerfi off-line/Takkalás		19.277-192.771
	Fjarstýringar (með móttakara)		51.406
	GSM Farsími (móttakari)		80.321
Neyðarþjónustan	Höfuðlyklakerfi (HLK) 1	32.771	
Byko	HLK	40.800	
Húsasmiðjan	HLK 1	23.062	
	HLK 2	40.302	
Láshúsið	HLK 1	22.490	
	HLK 2	33.092	
	Takkalás/námundarlyklakerfi		189.960
K. Þorsteinsson og Co.	HLK 1	43.120	
	HLK 2	32.620	

VERÐ ER ÁN VSK	FJÖLBÝLISHÚS MEÐ 10 ÍBÚÐUM	HÖFUÐ-LYKLAKERFI	RAFRÆN AÐGANGSKERFI
Öryggismiðstöðin	Rafrænt aðgangskortakerfi		1.441.974
Vélar og verkfæri	HLK 1: Skandinavískur staðall	68.000	
	HLK 1: Þýskur staðall	98.000	
	HLK 2: Skandinavískur staðall	112.353	
	HLK 2: Þýskur staðall	132.941	
	Skand. staðall - Rafeindast. sylindur		501.190
	Þýskur staðall - Rafeindast. sylindur		521.765
	Aðgangskerfi on-line f/snertilykla		418.000-530.120
	Aðgangskerfi off-line/Takkalás		53.012-530.120
	Fjarstýringar (með móttakara)		141.365
	GSM Farsími (móttakari)		220.884
Neyðarþjónustan	Höfuðlyklakerfi (HLK) 1	77.751	
Byko	HLK 1	112.280	
Húsasmiðjan	HLK 1	63.420	
	HLK 2	110.831	
Láshúsið	HLK 1	95.984	
	HLK 2	60.643	
K. Þorsteinsson og Co.	HLK 1	93.740	
	HLK 2	70.640	



Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa gefið út tilkynningar þar sem settar eru fram leiðbeiningar um hvernig beri að skilgreina markaði í tengslum við beitingu samkeppnisreglna.² Í leiðbeiningum þessum er lýst einni aðferð sem notuð er til að meta hvort tiltekna vörur eða þjónusta tilheyri sama markaði. Hér er um að ræða svokallað SNIP próf (e. *significant non-transitory increase in price*). Í því felst að reynt er að meta hver yrðu viðbrögð viðskiptavina við lítilli en varanlegri verðhækkun á vöru eða þjónustu. Nánar tiltekið verður að svara því hvort verðhækkun á vöru A um 5–10% myndi leiða til þess að viðskiptavinir færu í það miklum mæli að kaupa vöru B að verðhækkun á A yrði óarðbær vegna sölutaps. Ef það er talið gerast tilheyra vörur A og B sama markaðnum en annars ekki.

Í athugasemdum Véla og verkfæra er því haldið fram að niðurstaða SNIP-prófs leiði til þess að hækki verð höfuðlyklakerfa um 5-10% muni neytendur kaupa rafræn aðgangskerfi í staðinn. Samkeppniseftirlitið tekur ekki undir framangreind sjónarmið. Samkvæmt þeim verðupplýsingum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað liggur fyrir að hækki verð höfuðlyklakerfa um 10% er verðið samt sem áður mun lægra en verð dæmigerðra rafrænna aðgangskerfa.

Sé borið saman verð á dýrasta höfuðlyklakerfi fyrir fasteign með fjórum hurðum, þ.e. kerfi frá Vélum og verkfærum sem kostar kr. 51.177,-, við ódýrasta rafræna aðgangskortakerfið, þ.e. kerfi frá Nortek kr. 600.000,- liggur fyrir að rafræna aðgangskortakerfið er tæplega 12 sinnum dýrara en höfuðlyklakerfið. Aðgangskerfi „on-line“ fyrir snertilykla, sem Vélar og verkfæri selja, er u.þ.b. þrisvar sinnum dýrara en dýrasta höfuðlyklakerfið.

Vélar og verkfæri flokka rafeindastýrða sylindra með höfuðlyklakerfum. Ekki er unnt að fallast á það enda ljóst á grundvelli SNIP-prófs að slík kerfi eru ekki sambærileg með tilliti til verðs. Dýrasta höfuðlyklakerfið fyrir fasteign með fjórum hurðum kostar 51.177 kr. Ódýrasta kerfið með rafeindastýrðum sylindrum kostar tæplega fjórum sinnum meira eða 194.102 kr.

Sé litið til sambærilegra upplýsinga um verð á aðgangskerfum í fjölbýlishúsi með 10 íbúðum er verð á dýrasta höfuðlyklakerfinu um 133 þús. kr. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Samkeppniseftirlitinu bárust er verð á ódýrasta rafræna aðgangskortakerfinu u.þ.b. 1.442 þús. kr. Rafræna aðgangskortakerfið er því nærrí 10 sinnum dýrara en höfuðlyklakerfið. Þannig má sjá að verðmunur á milli höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskortakerfa er slíkur að ekki er staðganga þar á milli.

Hvað staðgöngu milli kerfa með rafeindastýrðum sylindrum og höfuðlyklakerfa varðar er verðmunur vegna dýrasta höfuðlyklakerfisins og ódýrara rafeindastýrða aðgangskerfisins fyrir fjölbýlishús með tíu íbúðum 277%. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna því framangreindar verðupplýsingar að ekki getur verið staðganga á milli höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa, þ.m.t. kerfa með rafeindastýrðum sylindrum.

² Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), 98/EES/28/01.



Kerfi með rafeindastýrðum sylindrum falla ekki í flokk höfuðlyklakerfa sé eingöngu litið til verðs og hvað eiginleika rafeindastýrðra sylindra varðar er ljóst að hægt er að forrita lykla eða takmarka aðgengi lykla með einföldum hætti³ Höfuðlyklakerfi bjóða ekki upp á slíkan sveigjanleika. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ljóst að kerfi með rafeindastýrðum sylindrum falla ekki í flokk með hefðbundnum höfuðlyklakerfum.⁴

Þá liggur fyrir samkvæmt þeim verðupplýsingum sem Samkeppniseftirlitinu bárust að verð aðgangskerfa „off-line“/takkalás er á nokkuð breiðu bili. Að mati Samkeppniseftirlitsins liggur þó fyrir að slík vara er ekki staðgönguvara höfuðlyklakerfa þar sem slík aðgangskerfi bjóða upp á fleiri notkunarmöguleika en höfuðlyklakerfi, m.a. þar sem hægt er að tímastilla og taka út aðgang með einföldum hætti.

Í athugasemdum Véla og verkfæra er sett fram verðdæmi en í því er annars vegar borið saman verð á hefðbundnu höfuðlyklakerfi en hins vegar verð á kerfi þar sem um er að ræða rafrænan aðgang að útihurð, þ.e. fjarstýringar, og staðlaða sylindra að öðrum hurðum í fasteigninni. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að þrátt fyrir að um svipað verð sé að ræða í þessu tiltekna dæmi þá er ekki um sambærilega vöru að ræða þar sem hinn rafræni aðgangur með fjarstýringu veitir aðra notkunarmöguleika en hefðbundinn höfuðlykill. Þannig veita fjarstýringar og/eða GSM farsímar (sem móttakarar) betri notkunarmöguleika en hefðbundnir höfuðlyklar þar sem eigandi getur m.a. veitt og tekið burt aðgang með einföldum hætti. Þá er, í framangreindu verðdæmi Véla og verkfæra, ekki um að ræða kerfi í þeim skilningi að einn lykill/fjarstýring gangi að öllum hurðum. Að því leyti er ekki um að ræða sambærilega hluti og hefur því enga þýðingu að bera saman verð á þessum hlutum með það að sjónarmiði að athuga staðgöngu. Þá bendir Samkeppniseftirlitið á að í athugasemdum Véla og verkfæra kemur fram að fyrirtækið líti svo á að höfuðlyklakerfi líkist í æ ríkara mæli rafrænu aðgangskerfi. Í þessum ummælum felst að mati Samkeppniseftirlitsins í raun ályktun þess efnis að höfuðlyklakerfi séu ekki sambærileg rafrænum aðgangskerfum og ættu því ekki að tilheyra sama markaði.

Rafræn aðgangskerfi eru dýrari í innkaupum en höfuðlyklakerfi þó að verðbil hinna rafrænu aðgangskerfa sé nokkuð breitt eftir eiginleikum þeirra. Þá liggur fyrir að verð fyrir uppsetningu, t.d. lagnir og lagnavinnu liggur oft fyrir utan verðtilboð og slíkur kostnaður bætist við ætli neytendur að setja upp rafræn aðgangskerfi þar sem slíkar lagnir eru nauðsynlegar. Kostnaður við rekstur slíkra rafrænna aðgangskerfa getur þá verið meiri en við höfuðlyklakerfi, m.a. af þeim sökum að þau ganga fyrir rafmagni og árleg úttekt getur verið nauðsynleg.

Þá er rétt að geta þess að samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru rafræn aðgangskerfi að meginstefnu til notuð í fasteignir þar sem fyrirtækjarekstur fer fram en enn sem komið er í litlum mæli í íbúðarhúsnæði. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur

³ Sjá hér t.d. upplýsingarit IKON (ASSA ABLOY Group brand) *Locking systems that leave nothing open*. Þar er gerð grein fyrir því að annars vegar höfuðlyklakerfi og hins vegar rafeindastýrð aðgangskerfi (mechatronic locking system) uppfylli mismunandi þarfir viðskiptavina. Höfuðlyklakerfið sé ódýra, einfaldara og búi yfir mun minni sveigjanleika en rafræna kerfið, t.d. ef lykill glatast. Sjá www.ikon.de

⁴ Sjá hér t.d. ákvörðun þýska samkeppniseftirlitsins frá 5. nóvember 2008 *ASSA ABLOY AB, Acquisition of all shares of SimonsVoss AG, Unterführung*. Þar var litið svo á að sá markaður sem samruninn hefði áhrif á væri markaður fyrir rafræn aðgangskerfi („mechatronic and electronic cylinders“). Samkvæmt þessu var ekki litið svo á í málinu að hefðbundin mekanísk höfuðlyklakerfi væru á sama markaði og rafræn aðgangskerfi.



meiri kostnaður við uppsetningu rafrænna aðgangskerfa, aukinn kostnaður við rekstur þeirra ásamt því að þau eru að meginstefnu til notuð í fasteignir þar sem fyrirtækjarekstur fer fram í sér veigamiklar vísbendingar um að þessi tvö aðgangskerfi tilheyri ekki sama markaði.

Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins kom fram að auk framangreindra kerfa eru seld hér á landi aðgangskerfi fyrir hótél. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að slík kerfi komi ekki til skoðunar í málinu þar sem þau hafa aðra eiginleika en höfuðlyklakerfi. Þá eru þau rafræn aðgangskerfi og því er ekki um staðgöngu að ræða á milli þessara kerfa.

Þá segir í athugasemdum Véla og verkfæra að neytendur samþætti oft og tíðum notkun mismunandi aðgangskerfa, s.s. bæði höfuðlyklakerfi og rafeindastýrð aðgangskerfi. Samkeppniseftirlitið bendir á að þrátt fyrir að neytendur noti bæði höfuðlyklakerfi og rafeindastýrt aðgangskerfi felur sú staðreynd það ekki í sér að um sambærilega vöru sé að ræða. Þvert á móti má halda því fram að sú staðreynd að neytendur samþætti notkun mismunandi aðgangskerfa feli það í sér að eitt kerfið fullnægi ekki öllum þörfum neytandans og því þurfi jafnframt að nota annað aðgangskerfi því til stuðnings.

Til þess að staðganga sé á milli vara þurfa þær að koma að fullu eða að verulegu leyti í stað hvernar annarrar. Þannig liggur fyrir að höfuðlyklakerfi hafa ekki sömu eiginleika og rafræn aðgangskerfi þar sem notkunarmöguleikar hinna síðarnefndu eru mun meiri. Þrátt fyrir að notendur skipti úr einu kerfi yfir í annað, t.d. úr höfuðlyklakerfum í rafræn aðgangskerfi, þýðir það ekki að um staðgöngu sé að ræða. Rafrænu aðgangskerfin geta þannig komið í stað höfuðlyklakerfa þar sem þau tryggja öryggi fasteignar með sama hætti en rafrænu aðgangskerfin bjóða upp á fleiri notkunarmöguleika en höfuðlyklakerfin. Þannig má álykta að neytendur skipti ekki höfuðlyklakerfum út fyrir rafræn aðgangskerfi á grundvelli þess að um sambærilegar vörur sé að ræða heldur fremur vegna þess að rafræn aðgangskerfi þjóna betur kröfum neytendanna sem séu meiri en kröfur sem unnt er að gera til höfuðlyklakerfa. Til að um staðgöngu væri að ræða þyrfti gagnkvæmni að vera í staðgöngu, þ.e. höfuðlyklakerfi væri sambærilegt við rafrænt aðgangskerfi og hægt væri að skipta úr hvoru kerfinu sem væri yfir í hitt kerfið. Ljóst er að slík gagnkvæmni er ekki til staðar, þ.e. neytendur geta ekki fengið sér höfuðlyklakerfi í stað rafræns aðgangskerfis á grundvelli þess að um sambærilega vöru sé að ræða.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé staðganga milli annars vegar höfuðlyklakerfa og hins vegar rafrænna aðgangskerfa og stakra lykla og lása. Er það byggt fyrst og fremst á því að þótt þessar vörur hafi ákveðna sameiginlega öryggisþætti þá uppfylla vörurnar mismunandi þörf neytenda. Einnig styður mismunandi verð vörunnar þessa ályktun sem og kostnaður sem getur fylgir uppsetningu þeirra. Þannig telur Samkeppniseftirlitið að miða beri við að markaður fyrir höfuðlyklakerfi sé sérstakur markaður í skilningi samkeppnislaga.

1.2.1.2 Efni til framleiðslu höfuðlyklakerfa tilheyra sérstökum markaði

Í athugasemdum Véla og verkfæra við andmælskjal Samkeppniseftirlitsins kemur fram að fyrirtækið telji að skilgreina skuli markað í málinu sem sölu á efnum til framleiðslu aðgangskerfa. Í framangreindri umfjöllun er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé staðganga á milli höfuðlyklakerfa og rafrænna aðgangskerfa. Að mati



Samkeppniseftirlitsins er því ekki heldur staðganga á milli efna til að framleiða annars vegar höfuðlyklakerfi og hins vegar rafræn aðgangskerfi.

Við framleiðslu höfuðlyklakerfa þarf ákveðna tegund af mekanískum sylindrum, láshúsum og lyklum auk þess sem setja þarf kerfin upp á teikningu og gera útreikninga til að hægt sé að setja upp höfuðlyklakerfi. Við framleiðslu rafrænna aðgangskerfa þarf m.a. hugbúnað, lesara og stjórneiningar og/eða, þegar um einfaldari lausnir er að ræða, t.d. takkalása eða rafeindastýrða sylindra. Þannig eru þau efni sem þarf til framleiðslu þessara aðgangskerfa ekki sambærileg. Það liggur því fyrir að þau fyrirtæki sem selja og þjónusta höfuðlyklakerfi geta ekki keypt önnur efni en þau sem sérstaklega eru ætluð til að framleiða höfuðlyklakerfi. Vörurnar uppfylla þannig ekki sömu þarfir kaupenda þeirra og þar með getur ekki verið um staðgöngu að ræða.

Rannsókn málsins hefur leitt í ljós að Vélar og verkfæri eru eina fyrirtækið sem flytur inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Þannig eru þau fyrirtæki á Íslandi sem framleiða höfuðlyklakerfi verulega háð Vélum og verkfærum um efni til framleiðslu. Með þessu móti hafa Vélar og verkfæri mikil áhrif á markað fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum ásamt því að vera starfandi á þeim markaði. Fyrir liggur að þeir sem kaupa tilbúin höfuðlyklakerfi (almennir neytendur) kaupa ekki efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum. Þótt almennir neytendur stundi viðskipti við fyrirtæki sem selja, reka og viðhalda tilbúnum höfuðlyklakerfum þá hafa þeir ekki með beinum hætti áhrif á markað fyrir sölu á efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er uppbygging markaðar fyrir höfuðlyklakerfi á Íslandi með þeim hætti að það beri að skilgreina markað í máli þessu sem sölu á efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi.⁵ Þó ber að hafa í huga að markaður fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónusta (viðhald og rekstur) við kaupendur höfuðlyklakerfa er markaður sem er í nánum tengslum við skilgreindan markað í máli þessu enda hefur yfirburðastaða Véla og verkfæra á skilgreindum markaði mikil og veruleg áhrif á fyrrgreindan markað.

1.2.2 Landfræðilegur markaður málsins

Að framan hefur verið greint frá því að landfræðilegur markaður teljist það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu. Í meginatriðum felst í því að samkeppnisskilyrði á því svæði séu nægilega lík og greinilega frábrugðin frá öðrum svæðum. Samkeppniseftirlitið telur að landfræðilegi markaður málsins varðandi efni til að framleiða höfuðlyklakerfi sé landið allt.

Þar sem til umfjöllunar er misnotkun Véla og verkfæra á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir efni til að framleiða höfuðlyklakerfi er ekki nauðsyn á ítarlegri umfjöllun um markað á sölu tilbúinna höfuðlyklakerfa og þjónustu því tengda. Samkeppniseftirlitið telur þó rétt að benda á þau sjónarmið sem líta ber til þegar sá landfræðilegi markaður er afmarkaður. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2001 *Prentsmiðjan Oddi hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. gegn samkeppnisráði* segir að við mat á því hvort telja beri hinn landfræðilega markað rýmri en Ísland beri fyrst og fremst að hafa í huga hvort viðskipti

⁵ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 22/78 Hugin Kassaregister AB and Hugin Cash Registers Ltd v Commission of the European Communities ECR [1979] bls. 1869.



eigi sér stað í það miklum mæli að þau takmarki verðhækkningar eða að öðru leyti óhagstæða viðskiptaskilmála hjá fyrirtækjum með öflugum stöðu á heimamarkaði. Áfrýjunarnefndin lagði áherslu á að magn viðskipta yrði að vera umtalsvert og í báðar áttir.

Þrátt fyrir að Vélur og verkfæri bendi á að fyrirtækið eigi í samkeppni við erlenda aðila, aðallega innan Evrópu, og nefni í því sambandi Alcan/ISAL og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kaupþjónusta af erlendum aðilum, liggja engar upplýsingar fyrir í málinu né bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins til þess að slík viðskipti eigi sér stað í miklum mæli. Þannig telur Samkeppniseftirlitið að markaðssetning erlendra fyrirtækja sem selji tilbúin höfuðlyklakerfi sé óveruleg hér á landi. Þá er það skilyrði að viðskiptin séu í báðar áttir. Í málinu er ekki leitt í ljós að þau íslensku fyrirtæki sem selja tilbúin höfuðlyklakerfi starfi á erlendum mörkuðum og eru slík viðskipti því nær engin. Því telur Samkeppniseftirlitið að miða eigi við að landfræðilegur markaður við sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu því tengdri sé landið allt.

2. Staða Véla og verkfæra á markaðnum

Samkvæmt ákvæði 4. töl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga telst fyrirtæki vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og geta að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

2.1 Sjónarmið aðila

Vélur og verkfæri halda því fram í athugasemdum sínum að félagið sé ekki í markaðsráðandi stöðu á hinum skilgreinda markaði. Þá er bent á að þar sem markaðsskilgreining Samkeppniseftirlitsins sem lögð sé til grundvallar í andmælaskjalinu sé ekki rétt verði staða fyrirtækisins á markaðnum ekki rétt metin.

Vélur og verkfæri taka fram að fyrirtækið sé það eina sem flytji inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Fjöldi aðila flytji inn efni til að framleiða aðgangskerfi, m.a. staka lykla og lása og rafræn aðgangskerfi, og ekkert standi því í vegi að aðrir aðilar hér á landi, þ.m.t. þeir sem framleiði og selji höfuðlyklakerfi, flytji einnig inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Því mótmæla Vélur og verkfæri því að fyrirtæki sem framleiði og selji tilbúin höfuðlyklakerfi séu verulega háð Vélum og verkfærum um efni til framleiðslu. Vélur og verkfæri geti þannig ekki starfað án þess að taka tillit til þeirra aðila sem flytji inn efni til að framleiða staka lykla og lása og rafræn aðgangskerfi.

Vélur og verkfæri benda á að allir sem óski eftir því geti, án mikils tilkostnaðar, flutt inn efni til þess að framleiða aðgangskerfi. Enginn hafi þó gert leyfissamning við erlenda framleiðendur efnanna. Í athugasemdum Véla og verkfæra kemur þó einnig fram að innflutningur á efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum sé fjarri því að vera auðsóttur og ástæða þess að fleiri aðilar hafi ekki flutt inn efni í höfuðlyklakerfi stafi ekki af starfsháttum fyrirtækisins heldur orsakist það af ströngum skilyrðum sem erlendir framleiðendur setji þeim sem vilji selja efnin. Vélur og verkfæri telja ekki að ákvæði í samningum um bann við því að flytja inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi hafi lokað markaðnum eða gert aðilum erfitt að flytja inn efnin.



Þá benda Vélar og verkfæri á að verð hjá fyrirtækinu hafi í raun lækkað (þ.e. ekki hækkað í samræmi við vísitölu) og framlegð minnkað og það bendi til þess að fyrirtækið starfi ekki án þess að taka tillit til viðskiptavina sinna og neytenda. Þá sé verð höfuðlyklakerfa hér á landi lægra en það verð sem standi til boða á Norðurlöndunum. Væru Vélar og verkfæri með svo mikla yfirburðastöðu væri verð hjá fyrirtækinu til muna hærra, enda þyrfti fyrirtækið þá ekki að taka tillit til neytenda, viðskiptavina eða samkeppnisaðila.

2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í t.d. máli nr. 4/2007 *Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu* kemur fram að við mat á stöðu fyrirtækja á markaði skipti mestu að huga að markaðshlutdeild og því skipulagi sem ríki á markaðnum. Skilgreining 4. gr. samkeppnislaga á markaðsráðandi stöðu sækir fyrirmynd sína til EES/EB-samkeppnisréttar og er efnislega samhljóða skilgreiningu dómstóls EB á markaðsráðandi stöðu.⁶ Ítrekað hefur komið fram hjá dómstólum EB að mjög há markaðshlutdeild feli, ein og sér, í sér sönnun fyrir því að viðkomandi fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu nema fyrir hendi séu einstakar kringumstæður sem bendi til annars. Þetta eigi við þegar fyrirtæki hafi 50% markaðshlutdeild.⁷

Einnig getur skipt máli hvort viðkomandi fyrirtæki er í raun eini valkostur viðskiptavina sinna. Ef viðskiptavinir eru þannig efnahagslega háðir telst viðkomandi fyrirtæki markaðsráðandi.⁸

Með viðmiðinu skipulag á markaðnum er vísað til ýmissa ólíkra atriða sem talin eru geta gefið vísbendingar um markaðsráðandi stöðu, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Dæmi um þetta er hvort aðgangur að markaðnum sé auðveldur, hvort viðkomandi fyrirtæki sé almennt öflugt með hliðsjón af fjármagni, tækjum og nægilegu framboði af vöru eða þjónustu. Einnig er horft til fjölda og styrks keppinauta auk þess sem fleiri atriði geta komið til skoðunar, sbr. umræddan úrskurð áfrýjunarnefndarinnar. Hafa ber í huga að í hugtakinu markaðsráðandi staða felst ekki krafa um að engin samkeppni ríki á viðkomandi markaði.⁹ Um markaðsráðandi stöðu getur þannig verið að ræða þrátt fyrir líflega samkeppni á viðkomandi markaði.¹⁰

⁶ Sjá t.d. mál nr. 85/76 *Hoffmann-La Roche v Commission* [1979] ECR 3451.

⁷ Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB frá 30. janúar 2007 í máli nr. T-340/03 *France Télécom v Commission*: „... although the importance of market shares may vary from one market to another, very large shares are in themselves, and save in exceptional circumstances, evidence of the existence of a dominant position (*Hoffmann-La Roche v Commission*, paragraph 80 above, paragraph 41, and Case T-221/95 *Endemol v Commission* [1999] ECR II-1299, paragraph 134). The Court of Justice held in Case C-62/86 *AKZO v Commission* [1991] ECR I-3359, paragraph 60, that this was so in the case of a 50% market share.“

⁸ Sjá t.d. Ritter og Braun, *European Competition Law*, þriðja útgáfa 2004 bls. 403 í : „A dominant position can be inferred if the supply conditions on the relevant market indicate that a firm is an „obligatory trading partner“ for its customers because they depend closely on the supplier and do not have sufficient or reasonable alternative sources of supply.“

⁹ Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 85/76 *Hoffman-La Roche v Commission* [1979] ECR 3451.

¹⁰ Sjá dóm dómstóls EB í máli nr. 27/76 *United Brands v Commission* [1978] ECR 207. Sjá einnig dóm undirréttar EB frá 30. janúar 2007 í máli nr. T-340/03 *France Télécom v Commission*: „Even the existence of lively competition on a particular market does not rule out the possibility that there is a dominant position on that market ...“



Markaður í máli þessu er markaður fyrir sölu á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi. Í nánnum tengslum við markað málsins er markaður fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónusta (viðhald og rekstur) við notendur höfuðlyklakerfa. Vélar og verkfæri eru starfandi á báðum þessum mörkuðum og verður greint nánar frá stöðu fyrirtækisins á þeim.

2.2.1 Markaðshlutdeild og staða Véla og verkfæra

Vélar og verkfæri eru eina fyrirtækið sem flytur inn efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi. Telur Samkeppniseftirlitið að Vélar og verkfæri hafi því einokunarstöðu á skilgreindum markaði. Vélar og verkfæri selja einnig margs konar vörur aðrar en höfuðlyklakerfi og efni til framleiðslu þeirra.

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að líta til þess að fyrirtæki sem framleiða og selja tilbúin höfuðlyklakerfi eru algjörlega háð Vélum og verkfærum um efni til framleiðslu. Einnig ber að nefna að Vélar og verkfæri hafa gert leyfissamninga við þau fyrirtæki sem eru starfandi á markaði fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu (viðhald og rekstur) við kaupendur höfuðlyklakerfa. Af þeim sökum fer allt efni til þess að framleiða höfuðlyklakerfi í gegnum Vélar og verkfæri. Þá eru Vélar og verkfæri umboðsaðili fyrir ASSA Abloy en það fyrirtæki hefur yfirburðastöðu á þessu sviði og er ráðandi á mörgum mörkuðum í Evrópu.¹¹ Styrkir þetta stöðu Véla og verkfæra.

Einnig ber að hafa í huga að í athugasemdum Véla og verkfæra segir að fyrirtækið geti sjálft séð um alla framleiðslu ASSA höfuðlyklakerfa ef fyrirtækið kjósi svo. Tekur fyrirtækið fram að það hafi ákveðið að heppilegra væri að fleiri fyrirtæki kæmu að framleiðslunni. Þessi ummæli sýna að fyrirtækið telur það hafa í hendi sér hverjir séu starfandi á markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum sem og að Vélar og verkfæri telja sig hafa getu til þess að þjóna þeim markaði alfarið ef því sýnist svo.

Fjárhagslegur og efnahagslegur styrkur Véla og verkfæra er að mati Samkeppniseftirlitsins talsverður eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

¹¹ Sjá hér t.d. ákvörðun þýska samkeppniseftirlitsins frá 5. nóvember 2008: „*The merger concentrates the leading technology and pre-eminent position of SimonsVoss in the electronic cylinder business with the broadly established basis of Assa Abloy in the mechatronic locking sector, Assa Abloy's pre-eminent position in the mechatronic cylinder sector and the superior resources of the company which is dominant in many European markets.*” Í ákvörðun þýska eftirlitsins er einnig sagt frá þessari lýsingu ASSA á öflugri stöðu sinni: „*Through a combination of organic growth and acquisitions, we have gone from being a regional company to becoming a true international player. Assa Abloy is by far the global leader in door opening solutions, dedicated to satisfying end-user needs for security, safety and convenience. With more than 150 companies operating in almost all countries around the globe, Assa Abloy has been extremely successful, and is today the largest company in the industry, offering a more complete product range than any other company on the market.*”



Tafla 2. Heildartekjur, heildareignir og eigið fé Véla og verkfæra árin 2006 og 2007

	Heildartekjur 2006	Heildareignir 2006	Eigið fé 2006
Vélar og verkfæri	[...] kr.	[...] kr.	[...] kr.

	Heildartekjur 2007	Heildareignir 2007	Eigið fé 2007
Vélar og verkfæri	[...] kr.	[...] kr.	[...] kr.

Hagnaður af rekstri fyrirtækisins árið 2007 nam [...] kr. og hagnaður ársins 2006 nam [...] kr. Þá er arðsemi eigin fjár mikil eða rúmlega [...] % fyrir árið 2007. Þá liggur fyrir að tekjur fyrirtækisins vegna sölu á efnum til framleiðslu höfuðlyklakerfa námu um [...] % af heildartekjum fyrirtækisins á árunum 2006-2007.

Af framangreindu má sjá að Vélar og verkfæri búa yfir miklum efnahagslegum styrkleika á skilgreindum markaði málsins. Fyrirtækið hefur þannig umtalsverða möguleika á að beita sér á markaði málsins með hliðsjón af styrkleika þess.

Undir rekstri málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá fyrirtækjum sem starfa á markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum. Umrædd fyrirtæki eru Byko, Húsasmiðjan, K. Þorsteinsson & Co, Láshúsið, Neyðarþjónustan og Vélar og Verkfæri. Óskað var eftir upplýsingum um heildartekjur viðkomandi fyrirtækja af sölu og þjónustu á höfuðlyklakerfum sem seld hafa verið beint til neytenda eða annarra viðskiptavina á árunum 2002 – 2007.

Eins og að framan er rakið er markaður fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónusta (viðhald og rekstur) við kaupendur höfuðlyklakerfa í nánnum tengslum við skilgreindan markað málsins. Eftir athugun á framangreindum upplýsingum sem fyrirtækin veittu telur Samkeppniseftirlitið að Vélar og verkfæri hafi u.þ.b. fimmtung markaðshlutdeildar á þeim markaði, sbr. upplýsingar í eftirfarandi töflu.

Tafla 3. Markaðshlutdeild á markaði fyrir sölu á tilbúnum höfuðlyklakerfum og þjónustu (viðhald og rekstur)

Fyrirtæki	2006	2007
Láshúsið	[45-50%]	[45-50%]
Húsasmiðjan	[20-25%]	[20-25%]
Vélar og verkfæri	[15-20%]	[15-20%]
K. Þorsteinsson & Co	[5-10%]	[5-10%]
Neyðarþjónustan	[0-5%]	[0-5%]

Að mati Samkeppniseftirlitsins styrkir starfsemi Véla og verkfæra á markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum stöðu þeirra á skilgreindum markaði málsins.



2.2.2 Aðgangshindranir

Við mat á því hvort fyrirtæki telst vera í markaðsráðandi stöðu er rétt að horfa til þess hvort um sé að ræða aðgangshindranir inn á hlutaðeigandi markað sem takmarka möguleika nýrra keppinauta á að hasla sér þar völl. Aðgangshindranir eru hvers konar hindranir sem gera nýjum keppinauti erfitt að komast inn á viðkomandi markað. Mikilvægt er að hafa í huga að álitamálið er ekki hvort nýr aðili getur hafið starfsemi á viðkomandi markaði. Álitamálið er hversu líklegt sé að inn á markaðinn komi burðugur keppinautur sem sé fær um að veita fyrirtæki sem þar er fyrir nægilega virka samkeppni þannig að dregið sé verulega úr markaðsstyrk þess. Horfa ber sérstaklega til þess að í „máli um misnotkun á markaðsráðandi stöðu ræðst mat á möguleikum nýrra keppinauta vegna aðgangshindrana af þeim aðstæðum sem ríktu er ætlað brot átti sér stað“, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2006 *Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Í þessu sambandi telur Samkeppniseftirlitið skipta máli að Vélar og verkfæri hafa haft einokunarstöðu á skilgreindum markaði um langt skeið. Það liggur fyrir að allt frá árinu 2002 hafa Vélar og verkfæri verið eina starfandi fyrirtækið við innflutning og sölu á efnum til framleiðslu á höfuðlyklakerfum á Íslandi.¹² Þá benda Vélar og verkfæri á að innflutningur á efnum til að framleiða höfuðlyklakerfi sé ekki auðsóttur. Einnig er það ljóst að Vélar og verkfæri gerðu skriflega leyfissamninga við flest fyrirtæki sem starfa á markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum þar sem endurseljendum er m.a. bannað að flytja inn efni til að framleiða höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA. Slíkir samningar sem banna samhliða innflutning eru að mati Samkeppniseftirlitsins veruleg aðgangshindrun. Taka ber þó fram að í athugasemdum Véla og verkfæra kemur fram að undirritaðir hafa verið nýir samningar við tvo þjónustuaðila og í þeim samningum séu ekki slík ákvæði.

Síðast en ekki síst þá hefur vörumerkið ASSA, sem Vélar og verkfæri eru eini umboðsaðili fyrir á Íslandi, verulega sterka stöðu á markaði fyrir höfuðlyklakerfi, sbr. einnig umfjöllun hér að framan. Erfitt getur verið fyrir nýjan keppinaut að komast inn á markað þar sem fyrir hendi er sterk staða eins vörumerkis enda litlir möguleikar á að fá þá kaupendur sem þegar hafa keypt ASSA höfuðlyklakerfi til þess að skipta yfir í annað vörumerki.

Framangreint gefur til kynna að fyrir hendi séu aðgangshindranir að skilgreindum markaði. Ef litlar aðgangshindranir væru að þessum markaði leiða hagfræðileg rök til þess að nýir eða starfandi keppinautar hefðu átt með aðgerðum sínum að draga úr markaðsstyrk Véla og verkfæra.¹³ Það hefur ekki gerst á framangreindu tímabili og er það, eitt og sér, vísbending um markaðsráðandi stöðu Véla og verkfæra sem og að aðstæður á markaði hindri nýja og starfandi keppinauta í að komast inn á markaðinn.¹⁴

¹² K. Þorsteinsson og co. hætti árið 2002 að flytja inn efni til að framleiða höfuðlyklakerfi.

¹³ Sjá t.d. Faull & Nikpay, *The EC Law of Competition*, önnur útgáfa 2007, bls. 321: „*The temporal element is crucial to the existence of dominance. In the absence of insurmountable barriers to entry, market forces would normally ensure that dominance is not sustainable over the long term.*”

¹⁴ Sjá hér einnig dóm dómstóls EB í máli nr. 85/76 *Hoffmann-La Roche v Commission* [1979] ECR 461: „*An undertaking which has a very large market share and holds it for some time, ... is by virtue of that share in a position of strength which makes it an unavoidable trading partner and which, already because of this secures for it, at the very least during relatively long periods, that freedom of action which is the special feature of a dominant position.*” Sjá einnig Lindsay, *The EC Merger Regulation: Substantive Issues*, önnur útgáfa 2006 bls.



2.2.3 Meintur kaupendastyrkur og verðlagning

Vélar og verkfæri benda á að þjónustuaðilar þeirra séu þróaðir og mjög öflugir. Þeir hafi því mikinn kaupendastyrk sem hægt sé að beita í samningaviðræðum við Vélar og verkfæri.

Samkeppniseftirlitið tekur ekki undir framangreint sjónarmið um kaupendastyrk þjónustuaðila. Samkeppniseftirlitið bendir á að með kaupendastyrk er í samkeppnisrétti átt við að kaupendur séu það öflugir að þeir ryðji burt eða geri að engu þann efnahagslega styrk sem seljandi hefur, svo sem á grundvelli hárrar markaðshlutdeildar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2006 *Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.¹⁵ Markaðurinn sem um ræðir verður þar af leiðandi að vera mjög sérstakur og á honum mjög fáir og öflugir kaupendur.¹⁶ Hefur fyrst og fremst reynt á slíkt í samrunamálum þar sem kaupendastyrkur hefur aðeins í sérstökum tilvikum verið talinn fela í sér nægt mótvægi gegn þeim efnahagslega styrk sem felst í hárrí markaðshlutdeild sameinaðs félags.¹⁷ Jafnframt verður að gæta að því að kaupendastyrkur fárra öflugra kaupenda nægir ekki í þeim tilvikum þegar jafnframt eru margir veikir kaupendur á markaðinum. Ástæða þess er sú að fyrirtæki með háa markaðshlutdeild getur hæglega beitt markaðsstyrk sínum gagnvart hinum veikum kaupendum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2006.¹⁸

Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að þær aðstæður sem hér er lýst eigi við um þann markað sem um ræðir í þessu máli. Samkeppniseftirlitið bendir á að á skilgreindum markaði málsins, þ.e. markaði fyrir sölu á efnum til framleiðslu á höfuðlyklakerfum, eru Vélar og verkfæri með einokunarstöðu. Getur því styrkur annarra fyrirtækja á tengdum markaði, þ.e. markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum, ekki skipt neinu þar sem ekki er um annað fyrirtæki að ræða við kaup á efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum. Getur því meintur kaupendastyrkur ekki haft áhrif á markaðshlutdeild/einokunarstöðu Véla og verkfæra á skilgreindum markaði málsins.

220: „If the merging parties have held consistently high market shares over several years, this suggests that they enjoy market power.“

¹⁵ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í Coca-Cola/Amalgamated Beverages málinu nr. COMP/M.794: „... in an assessment of dominance the question is whether there is sufficient countervailing buyer power to neutralise the market power of the parties.“

¹⁶ Sjá t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 32/2002 *Erindi Aalborg Portland Íslandi hf. vegna viðskiptahátta Sementsverksmiðjunnar hf.* Þar var t.a.m. komist að þeirri niðurstöðu að kaupendastyrkur þriggja sementskaupenda á markaðnum sem samtals keyptu 60–70% af heildarframleiðslu Sementsverksmiðjunnar væri það mikill að verksmiðjan væri ekki markaðsráðandi jafnvel þó hún væri með 75–80% markaðshlutdeild. Sjá hér einnig t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í Enso/Stora málinu (mál nr. IV/M.1225) þar sem fallist var á að um kaupendastyrk væri að ræða. Í því máli runnu saman tvö fyrirtæki sem höfðu sameiginlega 50–70% markaðshlutdeild en kaupendur á markaðnum voru aðallega þrír. Í ákvörðuninni segir m.a.: „...the merger will result in a market structure with one large and two smaller suppliers facing one large and two smaller buyers. This is a rather exceptional market structure. On balance, the Commission considers that the buyers in these rather special market circumstances have sufficient countervailing buyer power to remove the possibility of the parties' exercising market power.“

¹⁷ Sjá Lindsay, *The EC Merger Regulation: Substantive Issues*, 2003 bls. 250: „... buyer power in itself is rarely sufficient to justify clearing a transaction without undertakings when the merger results in very high market shares because, in such cases, customers generally cannot defeat attempts by the merged group to exercise market power.“

¹⁸ Sjá hér einnig dóm undirréttar EB í máli nr. T-228/97 *Irish Sugar v Commission* [1999] ECR II- 2969.



Einnig bendir Samkeppniseftirlitið á að Vélar og verkfæri eru starfandi á tengdum markaði, þ.e. markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum. Í athugasemdum fyrirtækisins kemur fram að á fyrirtækinu hvílir engin skylda til að veita öðrum aðilum, m.a. keppinautum Véla og verkfæra, umboð til að þjónusta umrædd höfuðlyklakerfi. Þannig geta Vélar og verkfæri setið ein að umræddum markaði. Af þessu má álykta að önnur fyrirtæki geti ekki nýtt sér meintan kaupendastyrk þar sem Vélar og verkfæri eru einnig starfandi á þeim markaði. Sú aðstaða að Vélar og verkfæri eru starfandi á báðum mörkuðum gerir meintan kaupendastyrk að engu.

Í ljósi þessa má telja ljóst að kaupendastyrkur annarra fyrirtækja sé ekki til þess fallinn að draga úr einokunarstöðu Véla og verkfæra á skilgreindum markaði málsins.

Þá benda Vélar og verkfæri á að verð höfuðlyklakerfa hafi í raun lækkað og framlegð minnkað og slíkt bendi til þess að fyrirtækið sé ekki í markaðsráðandi stöðu. Taka Vélar og verkfæri fram að væri félagið í þeirri yfirburðastöðu sem fullyrt væri í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins væri verðlagning fyrirtækisins til muna hærrí en raun beri vitni.

Samkeppniseftirlitið fellst ekki á þetta sjónarmið. Athugun á því hvort fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu felur í sér rannsókn á markaðshlutdeild fyrirtækisins á skilgreindum markaði og á skipulagi markaðarins. Ekki þarf hins vegar að sýna fram á að viðkomandi fyrirtæki hafi beitt stöðu sinni t.d. með of hárrí verðlagningu. Ekki þarf heldur að sýna fram á í þessu sambandi að fyrirtæki sem til skoðunar er hafi hagnast óeðlilega mikið.¹⁹

2.2.4 Niðurstaða

Niðurstaða rannsóknar Samkeppniseftirlitsins er sú að Vélar og verkfæri séu eina starfandi fyrirtækið á skilgreindum markaði. Telur stofnunin að Vélar og verkfæri hafi einokunarstöðu á viðkomandi markaði. Það er niðurstaða stofnunarinnar að allir endurseljendur höfuðlyklakerfa á Íslandi séu háðir Vélum og verkfærum um innflutning og sölu á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi. Er talið að Vélar og verkfæri búi yfir miklum efnahagslegum styrkleika á skilgreindum markaði. Þá er starfsemi félagsins á markaði fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum til þess fallin að styrkja stöðu þess á skilgreindum markaði málsins. Síðan er það mat Samkeppniseftirlitsins að aðgangshindranir séu fyrir hendi á skilgreindum markaði og ekki sé um kaupendastyrk að ræða.

Það er álit Samkeppniseftirlitsins að Vélar og verkfæri hafi þann efnahagslega styrkleika sem gerir þeim kleift að hindra virka samkeppni á markaði fyrir sölu á efni til framleiðslu á höfuðlyklakerfum og að fyrirtækið geti að öllu leyti starfað án þess að taka tillit til viðskiptavina sinna og neytenda. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Vélar og verkfæri séu í markaðsráðandi stöðu á skilgreindum markaði í skilningi ákvæðis 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga.

¹⁹ Því sjónarmiði hefur t.d. verið hafnað að taprekstur sýni fram á að fyrirtæki sé ekki markaðsráðandi. Sjá t.d. dóm dómstóls EB í máli nr. 322/81 Michelin v Commission [1983] ECR 3461.



Hér ber jafnframt að hafa í huga að það hvílir rík skylda á markaðsráðandi fyrirtæki að gæta þess að athafnir þess raski ekki samkeppni. Þessi skylda tekur jafnt til þess markaðar sem viðkomandi fyrirtæki er markaðsráðandi á og þeirra markaða sem eru í það nánnum tengslum við þann markað að unnt er að beita hinum efnahagslega styrk á þeim.²⁰ Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta sérstaklega skýrt í þessu máli þar sem um er að ræða fyrirtæki sem hefur einokunarstöðu á einum markaði sem er nauðsynlegur fyrir starfsemi annars, þ.e. markaðs fyrir sölu og þjónustu á tilbúnum höfuðlyklakerfum. Að mati Samkeppniseftirlitsins geta áhrif þess verið nákvæmlega þau sömu og ef um markaðsráðandi stöðu væri að ræða á hinum tengda markaði.²¹

3. Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Eins og fram kemur hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að Vélar og verkfæri séu í markaðsráðandi stöðu á skilgreindum markaði þessa máls. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins beinist einkum að því að meta hvort fyrirtækið hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með gerð tiltekinna samninga við viðskiptavinum sína. Áður en vikið er að ætluðum brotum Véla og verkfæra þykir rétt að fara nokkrum almennum orðum um bann 11. gr. samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

3.1 Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga

Í ákvæði 11. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar misnotkun fyrirtækis á markaðsráðandi stöðu þess. Ákvæðið er byggt á ákvæði 54. gr. EES-samningsins og við túlkun þess er almennt rétt að hafa einnig hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2008 HF. *Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Taka verður þó tillit til sérkenna íslenska markaðarins. Ákvæði 11. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

- a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,*
- b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,*
- c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,*
- d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“*

Eins og ákvæðið ber með sér er upptalning á því í hverju misnotkun geti verið fólgin ekki tæmandi. Í samkeppnisrétti er talið að misnotkun sé hlutlægt hugtak sem vísar til hegðunar markaðsráðandi fyrirtækis sem er til þess fallin að hafa áhrif á gerð tiltekins markaðar þar sem samkeppni er þegar takmörkuð vegna þess að á markaðnum er fyrir

²⁰ Sjá hér einnig t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2000, *Erindi Landvara, félags íslenskra vöruflugtjenda, um meintar samkeppnishömlur Íslandspósts hf. við bögglaflutninga*.

²¹ Sjá hér ákvörðun samkeppnisráðs nr. nr. 13/2000 *Erindi Malbikunarstöðvarinar Hlaðbær-Colas hf. um meinta undirverðlagningu Sementsverksmiðjunnar hf. á sementi til nota við stækkun flughlaða við Flugstöð Leifs Eiríkssonar*.



hendi markaðsráðandi fyrirtæki. Hegðunin felst í aðgerðum sem ekki geta talist til eðlilegrar samkeppni (e. *normal competition*) í skilningi samkeppnisréttarins, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefnd samkeppnismála í máli nr. 3/2006 *Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Markaðsráðandi fyrirtæki er þannig óheimilt að bæta stöðu sína á markaði með öðrum aðgerðum en samkeppni á grundvelli rekstrarlegrar frammistöðu fyrirtækisins (e. *competition on the merits*). Hér má einnig vísa t.d. til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 17-18/2003, 4/2007, 3/2008 og dóma dómstóla EB.²²

Framangreint þýðir óhjákvæmilega að möguleikar markaðsráðandi fyrirtækja til að taka þátt í samkeppni eru takmarkaðri heldur en almennt er heimilt í viðskiptum, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 2/2009 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hugtakið eðlileg samkeppni í framangreindum skilningi hefur því þrengri merkingu en sú samkeppni sem fyrirtæki geta stundað sem ekki eru í ráðandi stöðu.²³

Á markaðsráðandi fyrirtækjum hvílir þannig rík skylda. Þessi sérstaka skylda helgast m.a. af þeirri staðreynd að samkeppni á viðkomandi markaði er þegar mjög takmörkuð vegna tilvistar hins markaðsráðandi fyrirtækis. Í skyldunni felst að markaðsráðandi fyrirtæki mega ekki grípa til neinna ráðstafana sem raskað geta með óeðlilegum hætti þeirri samkeppni sem ríkir á markaðnum eða misbeita með öðrum hætti stöðu sinni. Sökum efnahagslegs styrks markaðsráðandi fyrirtækja geta tilteknað aðgerðir þeirra haft skaðleg áhrif á samkeppni og hagsmuni viðskiptavina og neytenda. Umfang hinnar sérstöku skyldu sem hvílir á markaðsráðandi fyrirtækjum um að raska ekki samkeppni ræðst af atvikum í hverju máli fyrir sig. Við nánari skilgreiningu á umræddri skyldu ber að líta til ákvæðis 1. gr. samkeppnislaga, en samkvæmt því skal markmiði laganna náð með því m.a. að vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og að auðvelda nýjum keppinautum aðgengi að markaðnum, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

²² Í dómi undirréttar EB máli nr. T-228/97 *Irish Sugar v Commission* [1999] ECR II-2969 er dómaframkvæmdin að þessu leyti dregin saman með eftirfarandi hætti: „*The case-law shows that an 'abuse is an objective concept referring to the behaviour of an undertaking in a dominant position which is such as to influence the structure of a market where, as a result of the very presence of the undertaking in question, the degree of competition is already weakened and which, through recourse to methods different from those governing normal competition in products or services on the basis of the transactions of commercial operators, has the effect of hindering the maintenance of the degree of competition still existing in the market or the growth of that competition ... It follows that Article 86 of the Treaty prohibits a dominant undertaking from eliminating a competitor and thereby reinforcing its position by having recourse to means other than those within the scope of competition on the merits. From that point of view, not all competition on price can be regarded as legitimate ... The prohibition laid down in Article 86 is also justified by the consideration that harm should not be caused to consumers.*”

²³ Sjá hér t.d. John Ratliff, *Abuse of Dominant Position and Pricing Practices- A Practitioner's Viewpoint*. Birt m.a. í: Claus-Dieter Ehlermann and Isabela Atanasiu: *European Competition Law Annual 2003 - What Is An Abuse of A Dominant Position?: „... the focus in the definition of abuse on the term "normal competition" can be difficult for some. Many companies argue that all they are doing is competing as hard as they can and that all the methods they use to that end are "normal competition". They do not readily accept the narrower definition of "competition by trading performance", which is permitted for the dominant. Often therefore we have to explain that, even though there may be types of competition which appear normal, nevertheless, the dominant company may not use them because of their perceived effects on the "weakened" competition in the market.*”



Má telja að skyldur markaðsráðandi fyrirtækja nái m.a. til þess að vinna ekki gegn markmiði samkeppnislaga. Þá ber að horfa til þess að skyldur markaðsráðandi fyrirtækja geta verið ríkari eftir því sem staða þeirra á markaðnum er sterkari. Af þessari skyldu leiðir m.a. að markaðsráðandi fyrirtæki geta brotið gegn ákvæðum 11. gr. samkeppnislaga með aðgerðum sem einar og sér fela ekki í sér misnotkun, t.d. gerð samninga.²⁴

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu getur falist í hvers konar aðgerðum sem miða að því að styrkja eða verja hina ráðandi stöðu. Misnotkunin getur einnig verið fólgin í því að vinna gegn markmiði samkeppnislaga ef slíkar aðgerðir byggja ekki á eðlilegum samkeppnislegum forsendum. Misnotkunin þarf því ekki að felast í því að hinni markaðsráðandi stöðu sé beitt eða að misnotkunin byggi á hinum efnahagslega styrkleika sem felst í markaðsráðandi stöðu. Kjarni þeirrar misnotkunar á markaðsráðandi stöðu sem raskar samkeppni er að hegðun markaðsráðandi fyrirtækis sé til þess fallin að hamla þeirri takmörkuðu samkeppni sem er á markaðnum eða hindra vöxt hennar.

Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 4/2007 *Icelandair gegn Samkeppnieftirlitinu* verður að skýra ákvæði 11. gr. samkeppnislaga þannig að „*sú staðreynd að misnotkun hafi verið beitt af hálfu markaðsráðandi fyrirtækis sé nægjanleg til að aðferðin teljist ólögmat.* Í þessu felst að það er ekki skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að misnotkun hafi tiltekin áhrif eða að ákveðinn skilgreindur tilgangur hafi verið með aðgerðunum. Samkvæmt þessu er brot á ákvæði 11. gr. laganna ekki háð því að sýnt sé fram á skaðleg áhrif á samkeppni eða ásetning til þess að raska samkeppni.²⁵ Af þessu leiðir einnig að ekki skiptir t.d. máli í þessu sambandi þó markaðshlutdeild hins markaðsráðandi fyrirtækis minnki eða verð þess hafi lækkað á því tímabili sem misnotkun átti sér stað.²⁶

Það fer gegn 11. gr. samkeppnislaga ef markaðsráðandi fyrirtæki skuldbindur kaupanda til þess að kaupa alla þjónustu eða vörur viðkomandi tegundar, eða stóran hluta hennar, af því fyrirtæki. Má í þessu sambandi vísa t.d. til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 550/2007 *Árdegi hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hér má einnig vísa til úrskurðar

²⁴ Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-111/96 *ITT Promedia NV. v Commission* [1998] ECR II-2937: „*It follows from the nature of the obligations imposed by Article 86 [nú 82. gr.] of the Treaty that, in specific circumstances, undertakings in a dominant position may be deprived of the right to adopt a course of conduct or take measures which are not in themselves abuses and which would even be unobjectionable if adopted or taken by non-dominant undertakings [...] Thus, the conclusion of a contract or the acquisition of a right may amount to abuse for the purposes of Article 86 of the Treaty if that contract is concluded or that right is acquired by an undertaking in a dominant position.*” Sjá einnig t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 15. júní 2005 í máli nr. COMP/A.37.507 *AstraZeneca*: „*... conduct which may be permissible in a normal competitive situation may amount to an abuse if carried out by dominant firms. Undertakings in a dominant position may be deprived of the right to adopt a course of conduct or take measures which are not in themselves abuses and which would even be unobjectionable if adopted or taken by non-dominant undertakings.*”

²⁵ Er þetta sama túlkun og gildir í EES/EB-samkeppnisrétti. Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-212/99 *British Airways v Commission* [2003] ECR II-5917: „*...for the purposes of establishing an infringement of Article 82 EC, it is not necessary to demonstrate that the abuse in question had a concrete effect on the markets concerned.*” Þessi dómur undirréttarins var staðfestur með dómi dómstól EB frá 15. mars 2007 í máli nr. C-95/04P.

²⁶ Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-203/01 *Michelin v Commission* [2003] ECR II-4071: „*The applicant cannot base an argument on the fact that its market shares and prices fell during the period in question.*”



áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2008 Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu þar sem til umfjöllunar voru einkakaupasamningar. Í úrskurðinum segir eftirfarandi um einkakaupasamninga markaðsráðandi fyrirtækis:

„Þegar fyrirtæki er í markaðsráðandi stöðu er almennt óheimilt að semja svo um að samningsaðili þess (kaupandi) megi aðeins snúa sér til þess um kaup á þjónustu eða vörum eða stærsta hluta hennar, sem hann þarfnast. Ástæða þess að slík ákvæði um einkakaup eru talin ólögmæt er fyrst og fremst sú að þau eru til þess fallin að útiloka eða takmarka verulega samkeppni frá minni eða nýjum keppinautum um viðkomandi viðskipti. Slíkt getur haft skaðleg áhrif á þá takmörkuðu samkeppni sem getur ríkt á slíkum mörkuðum.“²⁷

Í úrskurðinum kemur einnig fram að ekki skipti venjulega máli hvort einkakaupasamningur sé gerður að beiðni kaupenda eða fyrir tilstilli hins markaðsráðandi fyrirtækis vegna þess að í báðum tilvikum séu þeir til þess fallnir að útiloka keppinauta markaðsráðandi fyrirtækis þar sem samkeppni er takmörkuð fyrir. Þá er ljóst að einkakaupasamningur markaðsráðandi fyrirtækis er ólögmætur jafnvel þótt hann hafi ekki komi til framkvæmda, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2006. Hafi samningurinn hins vegar verið framkvæmdur telst brotið alvarlegra en ella.

Gildistími einkakaupasamnings sem markaðsráðandi fyrirtæki stendur að getur skipt máli. Því lengri sem gildistíminn er því líklegra er að hann sé til þess fallinn að hafa alvarleg áhrif á samkeppni. Þá er lögmæti einkakaupasamnings ekki háð því hvort samningurinn gildi að lágmarki til ákveðins tíma né því síður ræður það úrslitum hvort viðskiptavinur getir auðveldlega sagt samningnum upp, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar í máli nr. 3/2008. Einnig getur haft þýðingu við mat á skaðsemi slíkra samninga markaðsráðandi fyrirtækja að líta á aðstæður á markaðnum.

3.2 Brot Véla og Verkfæra

Eins og nánar verður rökstutt telur Samkeppniseftirlitið að Vélar og verkfæri hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með gerð samninga við seljendur á höfuðlyklakerfum sem hafi verið til þess fallnir að raska samkeppni. Verður nú þessum brotum nánar lýst.

3.2.1 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Neyðarþjónustuna – Gler og lása

Í málinu liggja fyrir óundirritaður leyfissamningur Véla og verkfæra við Neyðarþjónustuna, dags. 1. júní 2001, og undirritaður leyfissamningur milli sömu fyrirtækja, dags. 30. júní 2001. Gler og lásar ehf. keyptu Neyðarþjónustuna ehf. á árinu 2007 og þar með sameinuðust þessi fyrirtæki undir heitinu Neyðarþjónustan – Gler og lásar – Neyðaropnanir – Lásasmiðurinn ehf. (nú nefnt Neyðarþjónustan-Gler og lásar).

Undirritaði samningurinn er grundvöllur viðskipta milli Neyðarþjónustunnar-Glers og lása og Véla og verkfæra í dag. Þó er rétt að geta þess að enginn samningur er í gildi, að mati Véla og verkfæra, á milli þeirra og Neyðarþjónustunnar – Glers og lása eftir að Gler og lásar keyptu rekstur Neyðarþjónustunnar þann 31. júlí 2007. Þrátt fyrir það liggur fyrir í málinu tölvupóstur þar sem fram kemur að Vélar og verkfæri hafi ekki haft á móti því að

²⁷ Sjá einnig t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-65/89 *BPB Industries v Commission* [1993] ECR II-389.



Gler og lásar keyptu Neyðarþjónustuna og yfirtækju kerfin sem fyrirtækið hafi í dag og þjónusti þau áfram, sé farið að öllum reglum sem skilyrt séu varðandi þessa þjónustu. Þá kemur fram í eftirfarandi umfjöllun að Vélar og verkfæri sögðu upp samningi við Neyðarþjónustuna – Gler og lásar með tölvupósti þann 12. janúar 2008 en lýstu sig reiðubúin að endurskoða þá afstöðu sína með tölvupósti 14. janúar 2008 að því gefnu að nýr samningur yrði undirritaður. Slík undirritun hefur ekki farið fram.

Yfirskrift samningsins frá 30. júní 2001 er „ASSA-Leyfi til framleiðslu-og sölu á kerfissýlindrum og kerfislyklum“ og er efni leyfisins lýst með svofelldum hætti í samningnum:

„Leyfishafi hefur heimild til að þjóna höfuðlyklakerfum frá ASSA á Íslandi með smíði á viðbótarlyklum, en þó að undanskildum þeim höfuðlyklakerfum sem framleidd eru af öðrum þjónustuaðilum nema um sérstakar aðstæður sé að ræða og leyfi hafi fengist fyrir því frá fulltrúa ASSA á Íslandi (V&V).“

Þá er í samningnum fjallað um m.a. gæslu kerfisútreikninga, spjaldskrá yfir kerfisútreikninga, eftirlit leyfissala með framkvæmd á efdum skilmála samningsins og bótaábyrgð leyfishafa. Það liggur fyrir að Neyðarþjónustan-Gler og lásar framleiðir höfuðlyklakerfi úr efdum keyptum af Vélum og verkfærum og selur síðan til viðskiptavina sinna með fullri vitund og samþykki Véla og verkfæra.

Samkvæmt samningnum fellur leyfið fyrirvaralaust úr gildi ef leyfishafi brýtur gegn skilmálum. Þeir skilmálar sem til skoðunar eru í þessu máli hljóða svo í samningnum:

„Leyfishafi skal aðeins nota upprunaleg (original) kerfislykilefni framleidd af ASSA við smíði lykla.“

„Leyfishafa er óheimilt að selja kerfissýlindra og kerfislykla frá öðrum framleiðendum en ASSA nema í samráði við fulltrúa fyrirtækisins á Íslandi og þá eingöngu frá fyrirtækjum innan Assa Abloy samsteypunnar.“

Samkvæmt ákvæðunum er Neyðarþjónustunni – Gleri og lásur þannig óheimilt að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA. Brjóti Neyðarþjónustan – Gler og lásar gegn samningsákvæðinu glatar fyrirtækið leyfi sínu til að þjónusta höfuðlyklakerfi frá ASSA sem Vélar og verkfæri eru umboðsaðili fyrir á Íslandi. Þá leiðir af sölubanninu að Neyðarþjónustunni – Gleri og lásur er þar með óheimilt að flytja inn höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Af þessu má ráða að Vélar og verkfæri hafi skuldbundið leyfishafa til þess að kaupa eingöngu efni af Vélum og verkfærum til þess að framleiða höfuðlyklakerfi frá viðkomandi framleiðanda og þjónusta þau. Eins og áður hefur komið fram getur það farið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga ef markaðsráðandi fyrirtæki skuldbindur kaupanda til þess að kaupa alla þjónustu eða vörur viðkomandi tegundar af því fyrirtæki.

Í gögnum málsins liggur fyrir óundirritaður leyfissamningur á milli Véla og verkfæra og Neyðarþjónustunnar-Glers og lásar, dags. 1. september 2007, sem inniheldur sambærilega skilmála og eru til umfjöllunar hér.



Einnig liggur fyrir í gögnum málsins tölvupóstur frá Birni V. Sveinssyni, starfsmanni Véla og verkfæra, dags. 12. janúar 2008, til Neyðarþjónustunnar – Glers og lása. Í póstinum segir orðrétt:

„Ég hef fengið tölvupóst frá Tom Undall frá MU²⁸ í Noregi um það að þið séuð orðnir dreifingaraðili fyrir Rialda og jafnvel aðrar vörur frá MU.

Þetta þýðir að þið hafið misst réttindin til að þjóna Assa höfuðlyklakerfum á Íslandi frá og með deginum í dag. Það er grundvallar skilyrði til að fá að þjóna Assa höfuðlyklakerfum að ekki sé verið að þjóna öðrum lásaframleiðendum nema í samráði við okkur. Ykkar aðgerðir eru sérstaklega skaðlegar fyrir Assa á markaðinum og því edlileg ráðstöfun af okkar hálfu og skilyrt af Assa/Assa Abloy varðandi svona þjónustu.“

Samkeppniseftirlitið telur að efni tölvupóstsins sýni með skýrum hætti tilgang þessara ákvæða, þ.e. að þeim hafi m.a. verið ætlað að koma í veg fyrir að viðkomandi leyfishafar færu að stunda samhliða innflutning frá öðrum framleiðendum á efni og búnaði til að búa til höfuðlyklakerfi. Einnig telur stofnunin að af tölvupóstinum megi ráða að afleiðingar af slíkum innflutningi fyrir leyfishafa séu þær að hann geti ekki lengur framleitt ný höfuðlyklakerfi frá ASSA, auk þess sem hann þurfi að hætta að þjónusta viðskiptavinum sína sem hafi fengið höfuðlyklakerfi frá því fyrirtæki.

Í gögnum málsins eru einnig póstar sem skýra síðari framvindu. Er um að ræða tölvupóstssamskipti, frá 14. janúar 2008, milli fyrrnefnds Björns V. Sveinssonar starfsmanns Véla og verkfæra, og Óðins Sigurðssonar framkvæmdastjóra Neyðarþjónustunnar – Glers og lása. Í pósti Óðins til Björns segir orðrétt:

„Það er satt að ég spurðist fyrir um Rialda þar sem ýmislegt sem ég sá í því fannst mér sniðugt en engu að síður ákvað ég að taka það ekki inn og ekkert annað kerfisefni að svo stöddu.“

Þessum pósti svarar Björn V. Sveinsson 14. janúar 2008 á eftirfarandi máta:

„Ég viðurkenni að það hefur líklega orðið miskilningur okkar á milli varðandi MU. Við teljum að skýringar þínar séu nægjanlegar til þess að við endurskoðum afturköllun á þjónustuleyfi fyrir ASSA höfuðlyklakerfi. Áður en það er gert teljum við þó nauðsynlegt að fá undirritaðan samning sbr meðfylgjandi [...]

Ég tek það fram að þessi samningur er mjög mikilvægur og munum við áskilja okkur rétt til þess að fylgjast mjög náið með efndum hans.

Það breytir því þó ekki að stuðningur ykkar við MU með sölu á vörum fyrirtækisins á Íslandi er aðför að vörumerkinu Assa á Íslandi og fyrirtæki okkar og samrýmist því illa þjónustu við Assa sem er veitt af nánnum samstarfsaðilum fyrirtækisins.“

²⁸ Fyrirtækið Møller Undall AS sem er keppinautur ASSA Abloy samstæðunnar.



Síðar sama dag sendir Björn V. Sveinsson póst til Óðins þar sem segir:

„Reikna með samningi frá þér fyrir helgi. Þá ætti málið að vera leyst í bili. Ég tek það fram að þetta er ekkert samkomulagsatriði heldur skilyrði af okkar hálfu.“

Af þessum samskiptum má ráða að Vélar og verkfæri hafi litið meintan innflutning Neyðarþjónustunnar – Gler og lása frá Møller Undall mjög alvarlegum augum. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður að draga þá ályktun af samskiptum fyrirtækjanna að tilgangur nefndra einkakaupaákvæða hafi m.a. verið sá að hindra að Neyðarþjónustan – Gler og lásar færi að stunda innflutning á efnunum til að framleiða höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA.

Það ber að ítreka að brot á 11. gr. samkeppnislaga er ekki háð því að sýnt sé fram á skaðleg áhrif á samkeppni eða ásetning til þess að raska samkeppni. Slíkt er þó til þess fallið að auka alvarleika brotsins. Samkeppniseftirlitið telur að framangreind samskipti sýni að tilgangur einkakaupaákvæðanna hafi m.a. falist í því að koma í veg fyrir samhliða innflutning á efnunum til að framleiða höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA.

3.2.2 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Húsasmiðjuna

Í málinu liggur fyrir undirritaður lánssamningur Véla og verkfæra við Byggingarvörur ehf., dags. 28. september 1999. Samningurinn er einnig undirritaður af hálfu Húsasmiðjunnar þar sem fyrirhuguð voru kaup félagsins á Byggingarvörum. Við samruna félaganna var komið á samningssambandi við Húsasmiðjuna. Samningurinn var grundvöllur viðskipta milli Húsasmiðjunnar og Véla og verkfæra um kaup á efni til að framleiða höfuðlyklakerfi en fyrirtækin hafa nú gert nýjan leyfissamning, dags. 1. júlí 2008, en ekki er tekin afstaða til lögmætis hans í þessu máli. Í eldri samningnum fólst að Vélar og verkfæri lánuðu Húsasmiðjunni lykasmíðavél. Einnig ber samningurinn með sér að Húsasmiðjan hafi haft heimild til að framleiða höfuðlyklakerfi úr efnunum frá ASSA.

Gildistími samningsins var ótímabundinn en var eins og áður sagði í gildi til 1. júlí 2008. Samkvæmt samningnum féll leyfið fyrirvaralaust úr gildi ef lántaki braut gegn skilmálum. Þeir skilmálar sem til skoðunar eru í þessu máli hljóðuðu svo í samningnum:

„Lántaki skal aðeins nota upprunaleg (original) kerfislykilefni framleidd af ASSA við smíði í lykasmíðivélunum, nema fyrir liggja skriflegt samþykki lánssala um annað.“

„Lántaka er óheimilt að selja kerfiscylindra og kerfislykla frá öðrum framleiðendum en ASSA“

Um er að ræða sambærileg ákvæði og í framangreindum samningum Véla og verkfæri við Neyðarþjónustuna – Gler og lása. Þannig var Húsasmiðjunni óheimilt að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA. Afleiðingar af slíkri sölu voru þær að Húsasmiðjan glataði leyfi sínu til að þjónusta höfuðlyklakerfi frá ASSA sem Vélar og verkfæri eru umboðsaðili fyrir á Íslandi. Þá leiddi af sölubanninu að Húsasmiðjunni var þar með óheimilt að flytja inn höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Af



Þessu má ráða að Vélar og verkfæri hafi skuldbundið leyfishafa til að kaupa eingöngu efni af Véllum og verkfærum til þess að framleiða höfuðlyklakerfi.

Í athugasemdum Véla og verkfæra kemur fram að undirritaður hefur verið nýr samningur við Húsasmiðjuna og er framangreint ákvæði ekki í endanlegum undirrituðum útgáfum samningsins. Vélar og verkfæri benda á að þá breytingu skuli þó ekki túlka sem viðurkenningu þeirra á því að um einkakaupaákvæði hafi verið að ræða sem fari í bága við ákvæði samkeppnislaga.

3.2.3 Leyfissamningur Véla og verkfæra við Láshúsið

Í málinu liggur fyrir undirritaður lánssamningur Véla og verkfæra við Láshúsið, dags. 20. janúar 2000. Samningurinn var grundvöllur viðskipta milli Láshússins og Véla og verkfæra varðandi kaup á efnunum til að framleiða höfuðlyklakerfi en fyrirtækin hafa nú gert nýjan leyfissamning, dags. 1. júlí 2008. Ekki er tekin afstaða til lögmætis þess samnings í málinu.

Í eldri samningnum fólst að Vélar og verkfæri lánuðu Láshúsinu lykasmíðavél. Einnig ber samningurinn með sér að Láshúsið hafi haft heimild til að framleiða höfuðlyklakerfi úr efnunum frá ASSA

Gildistími samningsins var ótímabundinn en hann var í framkvæmd til 1. júlí 2008. Samkvæmt samningnum féll leyfið fyrirvaralaust úr gildi ef leyfishafi braut alvarlega gegn skilmálum. Þeir skilmálar sem til skoðunar eru í þessu máli hljóðuðu svo í samningnum:

„Lántaki skal aðeins nota upprunaleg (original) kerfislykilefni framleidd af ASSA við smíði í lykasmíðavélunum (og öðrum véllum) nema fyrir liggja skriflegt samþykki lánssala um annað.“

„Lántaka er óheimilt að selja kerfissýlindra og kerfislykla frá öðrum framleiðendum en ASSA“

Um er að ræða sambærileg ákvæði og í framangreindum samningum Véla og verkfæra við Neyðarþjónustuna – Gler og lása. Þannig var Láshúsinu óheimilt að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðanda en ASSA. Afleiðingar af slíkri sölu voru þær að Láshúsið glataði leyfi sínu til að þjónusta höfuðlyklakerfi frá ASSA sem Vélar og verkfæri eru umboðsaðili fyrir á Íslandi. Þá leiddi af sölubanninu að Láshúsinu var þar með óheimilt að flytja inn höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Af þessu má ráða að Vélar og verkfæri hafi skuldbundið leyfishafa til að kaupa eingöngu efni af Véllum og verkfærum til þess að framleiða höfuðlyklakerfi.

Í athugasemdum Véla og verkfæra kemur fram að undirritaður hafi verið nýr samningur við Láshúsið og séu framangreind ákvæði ekki í endanlegri undirritaðri útgáfu samningsins. Vélar og verkfæri benda á að þá breytingu skuli þó ekki túlka sem viðurkenningu þeirra á því að um einkakaupaákvæði hafi verið að ræða sem fari í bága við ákvæði samkeppnislaga.



3.2.4 Niðurstaða

Eins og rökstutt var hér að framan fara einkakaupasamningar markaðsráðandi fyrirtækis gegn 11. gr. samkeppnislaga. Með einkakaupum er átt við að viðsemjandi hins markaðsráðandi fyrirtækis skuldbindur sig til þess að kaupa a.m.k stóran hluta af vörum viðkomandi tegundar af markaðsráðandi fyrirtæki. Með öðrum orðum felst skuldbindingin í því að viðsemjandinn er hindraður í því að eiga viðskipti við keppinauta hins markaðsráðandi fyrirtækis. Ákvæði af þessum toga eru því samkeppnishamlandi þar sem þau eru til þess fallin að útiloka samkeppni frá minni eða nýjum keppinautum um viðkomandi viðskipti.

Hér að framan hefur verið lýst þremur samningum sem Vélar og verkfæri hafa gert við tiltekin fyrirtæki. Í þessum samningum er að finna ákvæði sem banna fyrirtækjunum að selja höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Ef fyrirtækin brutu gegn banninu misstu þau heimild til að selja þessar vörur frá ASSA. Það hefði valdið þeim tjóni því ASSA er sterkt vörumerki hér á landi. Tölvupóstar frá Vélum og Verkfærum sýna að brot á einkaupaákvæðunum voru litin alvarlegum augum og gefa gögnin skýrlega til kynna að tilgangur ákvæðanna hafi verið að hefta samkeppni. Samningsákvæðin unnu því gegn möguleikum framangreindra fyrirtækja að hefja innflutning í samkeppni við Vélar og verkfæri og unnu gegn möguleikum annarra erlendra framleiðenda á höfuðlyklakerfum að ná fótfestu á íslenskum markaði. Er þetta mjög alvarlegt í ljósi einokunarstöðu Véla og verkfæra á markaðnum. Í málinu má horfa til þess að samkeppnisyfirvöld í Noregi²⁹ og Danmörku³⁰ hafa beitt sér gegn einkaupaákvæðum hjá fyrirtækjum í eigu ASSA Abloy.

Samkvæmt framansögðu þykir því ljóst að umræddir samningar séu til þess fallnir að takmarka verulega samkeppni og viðhalda eða styrkja yfirburðarstöðu Véla og verkfæra á hinum skilgreinda markaði. Eins og nánar verður gerð grein fyrir getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þau sjónarmið sem Vélar og verkfæri hafa sett fram í málinu. Samkvæmt þessu er það því mat Samkeppniseftirlitsins að Vélar og verkfæri hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með framangreindum samningum.

3.2.4.1 Um sjónarmið Véla og verkfæra

Vélar og verkfæri fallast á að samningar fyrirtækisins „hafi að geyma ákvæði sem hafa tilhneigingu til að stuðla að einkakaupum“. Hins vegar er á því byggt að samningarnir séu eftir sem áður lögmætir og virðist í aðalatriðum stuðst við þessi sjónarmið:

²⁹ Sjá hér ákvörðun norska samkeppniseftirlitsins frá 28. apríl 2004. Í málinu var talið að fyrirtækið TrioVing hefði raskað samkeppni í m.a. viðskiptum með efni til að framleiða höfuðlyklakerfi. Fram kom í málinu að TrioVing væri í eigu ASSA Abloy. Eftirfarandi kom einnig fram í málinu: „... TrioVing ikke har eksklusivavtale med TrioVing-forhandlere (verken TrioVing Sikkerhetscentrene eller andre TrioVing-lisensierte-forhandlere). TrioVing sendte dessuten 1998, etter pålegg fra Konkurransetilsynet, et skriv til forhandlerene der det ble presisert at forhandlerne hadde adgang til at selge/føre konkurrerende produkter.“

³⁰ Sjá hér ákvörðun danska samkeppnisráðsins frá 20. desember 2006. Í málinu var fjallað um samninga Ruko A/S við lásasmiði en RUKO er hluti af ASSA Abloy samstæðunni. Í málinu segir þetta: „Ruko A/S har siden foråret 2006 indgået nye samhandelsaftaler med sine kunder i låsesmedebranchen. Disse nye aftaler er en opdatering af de hidtil gældende aftaler. ... Styrelsen har ved sin gennemgang af aftalerne vurderet, at enkelte bestemmelser i disse aftaler kunne indeholde konkurrencebegrænsninger i strid med konkurrencelovens forbudsbestemmelser. Virksomheden har forklaret styrelsen, hvorledes aftalerne skal forstås og har forsikret styrelsen om, at aftalernes bestemmelser ikke sigtede på at begrænse låsesmedenes adgang til at sælge og installere konkurrerende produkter.“



- Samningarnir séu nauðsynlegir til að tryggja öryggi og vernda viðskiptaupplýsingar.
- Samningarnir séu sérleyfissamningar sem innihaldi eðlileg ákvæði.
- Samkeppni sé mikil og verð Véla og verkfæra hafi ekki hækkað.

Verður nú vikið að þessum atriðum.

Um öryggi og verndun upplýsinga

Vélar og verkfæri vísa til þess að fyrirtækið flytji inn höfuðlyklakerfi frá ASSA í Svíþjóð. Söluaðilar höfuðlyklakerfis séu þjónustuaðilar ASSA á Íslandi, þ.e. Húsasmiðjan, Láshúsið, Neyðarþjónustan – Gler og lásar og Vélar og verkfæri. Þegar kaupandi panti höfuðlyklakerfi hjá þjónustuaðila teikni sá síðarnefndi kerfið og óski eftir nánar tilgreindum útreikningi frá ASSA í Svíþjóð. Á grundvelli aðsendra útreikninga frá Svíþjóð sé höfuðlyklakerfið sett í framleiðslu hjá viðkomandi þjónustuaðila. Þjónustuaðilar sjái svo um breytingar á höfuðlyklakerfum og viðbótar lykklasmíði fyrir eigendur höfuðlyklakerfanna. Sú umsýsla sé veitt endurgjaldslaust af hálfu Véla og verkfæra til þjónustuaðila. Er því haldið fram að ástæða þess að fleiri aðilar hafi ekki flutt inn höfuðlyklakerfi stafi af ströngum skilyrðum sem m.a. ASSA setji þeim sem vilji selja þessi efni.

Vélar og verkfæri mótmæla því alfarið að í samningum fyrirtækisins felist einkakaupaákvæði sem fari í bága við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Vélar og verkfæri benda á að ákvæðin sem talin eru fela í sér ólögmet einkakaupaákvæði hafi einvörðungu verið sett í samninga við þjónustuaðila til að tryggja fyllsta öryggi og til að koma í veg fyrir misnotkun á mikilvægum viðskiptaupplýsingum. Bent er á að prófilar í höfuðlyklakerfum hafi mismunandi hátt öryggisstig og þannig séu lykilefni og sylindrar fyrir þá prófíla sem hafi hæst öryggisstig læstir inni í öryggis- og peningaskápum Véla og verkfæra. Vélar og verkfæri telja að það stefni orðspori og trúnaðarupplýsingum varðandi vöru fyrirtækisins í hættu ef þjónustuaðili hafi umboð fyrir annað vörumerki í höfuðlyklakerfum. Þjónustuaðilar hafi aðgang að öllum gagnagrunni Véla og verkfæra er varði höfuðlyklakerfi og mikil hætta sé á flæði upplýsinga milli kerfa hafi aðili umboð fyrir tvenns konar höfuðlyklakerfi. Vélar og verkfæri telja að sé um einhvers konar takmörkun á samkeppni að ræða vegna þessa þá sé sú takmörkun lögmet og eigi sér málefnalegar og eðlilegar skýringar.

Samkeppniseftirlitið vill fyrst benda á að í umræddum einkakaupaákvæðum er ekki vikið að öryggi upplýsinga og orðspori vörumerkis. Aftur á móti er fjallað um gæslu kerfisútreikninga í öðru ákvæði leyfissamningsins og þannig má draga þá ályktun að umrætt einkakaupaákvæði sé ekki hugsað til að tryggja öryggi upplýsinga. Hér skiptir og máli að Vélar og verkfæri hafa upplýst að í nýjum samningum sínum sé ekki að finna umrædd einkakaupaákvæði. Samkeppniseftirlitið telur að sú breyting bendi til þess að nauðsyn á ákvæðinu vegna öryggissjónarmiða hafi ekki verið fyrir hendi, en þeim sjónarmiðum er ekki mætt með öðrum hætti í nýju samningunum. Í þessu samhengi má líta til þess að norsk samkeppnisyfirvöld hafa ekki talið að tilvísun til öryggissjónarmiða geti heimilað ASSA fyrirtækinu TrioVing að hafa í samningum sínum við endurseljendur og þjónustuaðila ákvæði sem koma m.a. í veg fyrir að við viðhald á ASSA



höfuðlyklakerfum sé notað efni frá keppinautum ASSA. Voru slík ákvæði talin samkeppnishamlandi og TroVing gert að fella þau úr gildi.³¹

Þá ber að líta til þess að Vélar og verkfæri flytja inn efni til að framleiða höfuðlyklakerfi frá tveimur aðilum, ASSA og MUL-T-LOCK. Slíkur innflutningur Véla og verkfæra á tveimur tegundum efna til að framleiða höfuðlyklakerfi bendir ekki til þess að hætta á flæði upplýsinga milli ólíkra kerfa sé raunverulega fyrir hendi.

Samkeppniseftirlitið telur að sú röksemd Véla og verkfæra að ákvæðin hafi átt að koma í veg fyrir að hætta myndaðist á flæði upplýsinga ef þjónustuaðilar þjónustuðu tvö eða fleiri höfuðlyklakerfi sé ekki rökstudd. Hafi sá verið tilgangurinn með ákvæðinu hefði verið hægt að setja fram slíka skilmála með vægari hætti, t.d. með kröfu um að ákveðnum öryggiskröfum yrði framfylgt. Samkeppniseftirlitið telur að markaðsráðandi fyrirtæki sé heimilt að grípa til einhvers konar aðgerða til að tryggja öryggi trúnaðarupplýsinga og viðskiptaleyndarmála, eins og hvernig höfuðlyklakerfi er búið til. Slíkar aðgerðir mega þó ekki fela í sér verulega takmörkun á samkeppni. Hvíllir rík skylda á markaðsráðandi fyrirtæki að grípa til þess vægasta úrræðis sem völ er á til þess að viðkomandi markmiði verði náð. Ekki fæst séð að umrædd einkakaupaákvæði séu óhjákvæmileg til þess að tryggja slíkt öryggi.

Um að samningarnir séu sérleyfissamningar

Vélar og verkfæri telja umrædda samninga vera sérleyfissamninga. Með samningunum sé þjónustuaðila veitt heimild til að framleiða það höfuðlyklakerfi sem efnið sem þeir noti sé ætlað í. Vélar og verkfæri gæti séð um alla framleiðslu ef fyrirtækið kysi svo. Aftur á móti hafi verið ákveðið að heppilegra væri að fleiri aðilar kæmu að framleiðslunni og varan væri þar með aðgengilegri. Framleiðslu sé því í raun úthýst að miklu leyti til þessara þjónustuaðila. Í athugasemdunum er fjallað um þær skuldbindingar sem fyrirtækið telur að sérleyfisgjafa sé heimilt að leggja á sérleyfistaka. Markmið þeirra sé að mestu leyti að vernda vörumerkið og orðspor sérleyfisgjafa. Með því að banna þeim þjónustuaðila, sem fá úthýst því verkefni að framleiða höfuðlyklakerfi, að framleiða önnur höfuðlyklakerfi séu Vélar og verkfæri aðeins að vernda vörumerkið og orðspor þess. Til stuðnings þessu vísa Vélar og verkfæri til sjónarmiða í EB samkeppnisrétti um að bann í sérleyfissamningum við að sérleyfishafi eigi viðskipti við keppinauta sérleyfisgjafa (e. non-compete obligation) geti verið samrýmalegt 81. gr. Rómarsáttmálans (nú skammstafað Rs.). Halda Vélar og verkfæri því fram að sömu sjónarmið eigi við varðandi bann 82. gr. Rs./11. gr. samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Samkeppniseftirlitið telur framangreint á misskilningi byggt. Með reglum samkeppnisyfirvalda nr. 256/2002 var tekin upp hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnar EB nr. 2790/1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. Rs. gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða. Framkvæmdastjórn EB hefur í tengslum við reglugerð sína nr. 2790/1999 gefið út leiðbeiningar um hvernig eigi að meta samkeppnisleg áhrif lóðréttra samninga.³² Af þessu reglum leiðir að tilteknum tegundum lóðréttra samninga, þ.m.t. sérleyfissamningum, er veitt undanþága frá banni 10. gr.

³¹ Ákvörðun norska samkeppniseftirlitsins frá 28. apríl 2004.

³² Official Journal of the European Communities, Commission Notice, *Guidelines on Vertical Restraints* (2000/C 291/01).



samkeppnislaga. Í leiðbeiningum er einnig útskýrt að sumar tegundir lóðréttra samninga fari ekki gegn 10. gr. samkeppnislaga. Hér ber hins vegar að líta sérstaklega til þess að þessar reglur taka ekki til markaðsráðandi fyrirtækja og koma ekki í veg fyrir beitingu 11. gr. samkeppnislaga.³³ Þá hefur komið skýrt fram að markaðsráðandi fyrirtækjum sé almennt óheimilt að hafa í samningum sínum bannákvæði af þessum toga.³⁴ Vélar og verkfæri geta því í máli þessu ekki byggt á reglum samkeppnisréttarins um sérleyfissamninga.

Þessu til viðbótar má líta til þess að sérleyfissamningar fela það í sér að sérleyfisgjafi, á grundvelli samninga, lætur sérleyfishafa í té þekkingu á viðkomandi rekstri og sérleyfishafi selur vörur eða þjónustu undir nafni sérleyfisgjafans byggða á viðskiptaformúlu hans.³⁵ Þá eru sérleyfishafa látin í té hugverkaréttindi vegna notkunar á vöru eða þjónustu ásamt ráðgjöf og þjónusta frá sérleyfisgjafa á samningstímanum um t.d. þjálfun, fjárhagsáætlanagerð og tæknilega þekkingu. Þá fela sérleyfissamningar það í sér að sérleyfisgjafi fær tekjur af notkun sérleyfishafans á vörum og vörumerki hans. Sérleyfissamningar eru því að þessu leyti til ólíkir hefðbundnum dreifingarsamningum þar sem í sérleyfissamningum er yfirleitt vikið að viðskiptaformúlu, nafni fyrirtækis og greiðslu fyrir þá notkun (e. royalties).³⁶

Þeir samningar sem til skoðunar eru í málinu eru ekki sérleyfissamningar að mati Samkeppniseftirlitsins. Þannig er ekki í samningunum vikið með neinum hætti að þeirri viðskiptahugmynd sem meint sérleyfi ætti að byggja á, ekki fjallað um notkun á vörumerkjum og síðast en ekki síst er ekki vikið að neinum greiðslum til Véla og verkfæra vegna hins meinta sérleyfis.

Hér skiptir og máli að Vélar og verkfæri hafa upplýst að í nýjum samningum sínum sé ekki að finna umrædd einkakaupaákvæði. Bendir þessi breyting enn fremur til þess að eldri samningar hafi ekki verið sérleyfissamningar því þá hefði, samkvæmt röksemdum Véla og verkfæra, umrætt ákvæði verið lykilatriði í slíkum samningi og því vandséð hvernig hægt hefði verið að semja við umrædda aðila án slíks ákvæðis.

Um að hörð samkeppni sé á markaðnum

Vélar og verkfæri halda því fram að sú staðreynd að samningar fyrirtækisins hafi að geyma ákvæði sem stuðli að einkakaupum leiði ekki sjálfkrafa til þess að þeir hafi hamlandi áhrif á samkeppni. Meta verði aðstæður hverju sinni í lagalegu og hagfræðilegu samhengi. Umrædd ákvæði í samningum um einkakaup hafi ekki og geti ekki haft hamlandi áhrif á samkeppni. Þannig eigi Vélar og verkfæri í harðri samkeppni við reynslumikla samkeppnisaðila, velta og hagnaður þeirra sé að líkindum mun meiri en velta Véla og verkfæra. Verð hafi ekki hækkað heldur hafi álagning minnkað og þá hafi Vélar og verkfæri verið að tapa markaðshlutdeild með aukinni tækni og þróun. Þá er því

³³ Í 16. tl. aðfararorða reglugerðar nr. 2790/1999 segir: „Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu 82. gr.“

³⁴ Sjá umræddar leiðbeiningar framkvæmdastjórnar EB: „Dominant companies may not impose non-compete obligations on their buyers unless they can objectively justify such commercial practice within the context of Article 82.“ Sjá einnig Richard Whish, *Competition Law*, sjötta útgáfa 2008, bls. 674: „The most obvious vertical agreement that could infringe Article 82 is one whereby a customer is required to purchase a particular brand of goods or services only from a dominant supplier.“

³⁵ Sjá Lennart Ritter & W. David Braun, *European Competition Law: A practitioner's Guide*, 2004, bls. 302.

³⁶ Sjá Van Bael & Bellis, *Competition Law of the European Community*, Van Bael & Bellis, 2005, bls. 307-308.



haldið fram að viðsemjendur félagsins séu öflug fyrirtæki og geti komið í veg fyrir hugsanlega misnotkun Véla og verkfæra á stöðu sinni.

Samkeppniseftirlitið bendir á að hér að framan hefur verið rökstutt að Vélar og verkfæri séu í markaðsráðandi stöðu á hinum skilgreinda markaði. Þá ber að hafa í huga að fyrirtækið sjálft hefur lýst því yfir að á því „*hvíli engin skylda*“ til að veita öðrum aðilum umboð til að þjónusta umrædd höfuðlyklakerfi og fyrirtækið hefði þannig getað setið eitt að þessum viðskiptum. Jafnframt skiptir máli að fyrirtækið er umboðsaðili mjög öflugs erlends aðila. Sýnir þetta styrk Véla og verkfæra á hinum skilgreinda markaði og líta ber einnig til þess að viðsemjendur fyrirtækisins eru bæði smá og stór fyrirtæki.

Eins og rökstutt hefur verið er brot á 11. gr. samkeppnislaga ekki háð því að sýnt sé fram á skaðleg áhrif á samkeppni. Af þessu leiðir einnig að ekki skiptir t.d. máli í þessu sambandi þó markaðshlutdeild hins markaðsráðandi fyrirtækis minnki eða verð þess hafi lækkað á því tímabili sem misnotkun átti sér stað. Sú skýra regla gildir að markaðsráðandi fyrirtækjum er óheimilt að gera einkakaupasamninga og Vélar og verkfæri brutu gegn þeirri reglu. Staðhæfingar fyrirtækisins um mikla samkeppni geta ekki breytt þessu.

IV. Viðurlög

Þann 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005. Í máli þessu reynir á 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 en það ákvæði var efnislega samhljóða stjórnvaldssektarákvæði eldri samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. lög nr. 107/2000. Með lögum nr. 52/2007 voru gerðar tiltekna breytingar á 37. gr. samkeppnislaga. Ekki fæst séð að þær breytingar geti haft áhrif í þessu máli. Rétt þykir þó í málinu að fjalla hér um 37. gr. eins og ákvæðið var orðað fyrir gildistöku breytingalaga nr. 52/2007.

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóti m.a. gegn bannreglum samkeppnislaga nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Með lögum nr. 107/2000 var m.a. gerð sú breyting á 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að í stað orðanna „*getur lagt*“ var tekið upp orðið „*leggur*“. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 107/2000 kemur fram að tilgangur þessa sé að tryggja að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á ef brot á bannreglum laganna eiga sér stað, sbr. einnig t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Er tekið fram að þetta muni stuðla að því að markmið laganna nái fram að ganga. Því er 37. gr. samkeppnislaga að þessu leyti samhljóða 52. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eftir breytinguna með lögum nr. 107/2000. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002 *Landssími Íslands hf. gegn samkeppnisráði* kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að skapa almenn og sérstök varnaðaráhrif. Eins og 37. gr. samkeppnislaga ber með sér felur ákvæðið hins vegar ekki í sér skyldu til álagningar sekta við öllum brotum á bannákvæðum laganna, sbr. einnig úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 2/2002. Með þeirri breytingu sem gerð var á sektarákvæði samkeppnislaga með lögum nr. 107/2000 var ákvæðið lagað enn frekar



að samsvarandi reglum sem gilda í EES/EB- samkeppnisrétti og í EB. Samkvæmt ummælum í greinargerð með breytingunni var henni ætlað að stuðla að því að sektarákvarðanir hér á landi verði í samræmi við það sem tíðkist erlendis. Í ljósi þessa er eðlilegt að hafa hliðsjón af EES/EB-samkeppnisrétti við túlkun og beitingu 37. gr. samkeppnislaga.

Í 37. gr. samkeppnislaga kemur m.a. fram að sektir geti numið allt að 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun sekta ber að hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 2/2002 segir að hér sé ekki um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem horfa má til við álagningu sekta. Hefur áfrýjunarnefndin talið að það megi einnig líta t.d. til stærðar fyrirtækja sem teljast brotleg, huglægrar afstöðu stjórnenda, hagnaðarsjónarmiða og eldri brota á samkeppnislögum, sbr. einnig t.d. úrskurði áfrýjunarnefndar í máli nr. 4/2007 *Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu* og máli nr. 3/2008 *Hf. Eimskipafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa Vélar og verkfæri brotið gegn ákvæði 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 með einkakaupaákvæðum í eftirfarandi samningum:

- Undirritaður leyfissamningur milli Véla og verkfæra og Neyðarþjónustunnar, dags. 30. júní 2001.
- Undirritaður lánssamningur Véla og verkfæra við Láshúsið, dags. 20. janúar 2000.
- Undirritaður lánssamningur Véla og verkfæra við Byggingarvörur ehf. og Húsasmiðjuna, dags. 28. september 1999.

Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að hér sé um að ræða þrjú tilvik þar sem Vélar og verkfæri hafi bundið leyfishafa með einkakaupaákvæðum í samningum sínum. Tveir þessara samninga voru gerðir fyrir gildistöku laga nr. 107/2000, um breytingu á samkeppnislögum nr. 8/1993, nánar tiltekið þann 6. desember 2000 og voru í framkvæmd eftir það tímamark. Sú regla gildir að samningar sem ekki er sagt upp við gildistöku bannákvæða samkeppnislaga teljast ólögmatir eftir það tímamark, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 *Ker hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverzlun Íslands hf. Skeljungur hfl og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*.

Í þessu máli hefur Samkeppniseftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið Vélar og verkfæri sé í einokunarstöðu á markaði fyrir sölu á efnum til framleiðslu höfuðlyklakerfa. Staða þess hafi ennfremur áhrif á tengdum markaði sem er sala á tilbúnum höfuðlyklakerfum. Samkeppniseftirlitið telur að ákvæði í þeim samningum sem eru til umfjöllunar í málinu feli í sér einkakaupaákvæði sem fari í bága við ákvæði 11. gr. samkeppnislaga. Þá telur Samkeppniseftirlitið að ákvæðunum hafi m.a. verið ætlað að koma í veg fyrir að viðskiptavinir þeirra færu sjálfstætt að stunda innflutning á efnum til að framleiða höfuðlyklakerfi frá öðrum framleiðendum en ASSA. Einokunarstaða Véla og verkfæri og fyrrnefnd einkakaupaákvæði hafa þannig myndað verulega aðgangshindrun inn á markað fyrir sölu á efnum til framleiðslu höfuðlyklakerfa. Einnig er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að gögn málsins sýni að ef farið væri í bága við einkakaupaákvæðin hefði slík háttsemi verulegar afleiðingar fyrir leyfishafa. Þessi brot eru óhjákvæmilega alvarleg í eðli sínu og umfang þeirra mikið miðað við skilgreindan



markað. Það er því að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst hver ætlun Véla og verkfæra var með framangreindum einkakaupaákvæðum.

Í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2003 um útreikning á sektum sem lagðar eru á samkvæmt samkeppnisreglum EES telst „*misnotkun á markaðsyfirráðum (neitun að selja, mismunun, útilokun, tryggðarafslættir sem fyrirtæki veita til að bola keppinautum út af markaðnum, o.s.frv.)*“ vera alvarlegt brot. Mjög alvarleg brot eru talin vera m.a. „*augljós misnotkun fyrirtækja í einokunarstöðu á markaðsyfirráðum sínum*“.³⁷ Framangreind brot Véla og verkfæra, þ.e. misnotkun markaðsráðandi fyrirtækis á stöðu sinni með þeim hætti sem lýst er hér að framan, eru óhjákvæmilega alvarleg í eðli sínu. Því er að mati Samkeppniseftirlitsins nauðsynlegt að sekta fyrir umrædd brot í samræmi við ákvæði 37. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið vísar til þess að ákvæði 37. gr. samkeppnislaga gera ekki samkvæmt orðalagi sínu þá kröfu að sektir séu metnar með hliðsjón af þeim áhrifum sem viðkomandi ráðstöfun hafði í reynd á markaðnum. Af þessu leiðir að bæði er heimilt og eðlilegt, í því skyni að skapa varnaðaráhrif, að leggja á stjórnvaldssektir vegna brots á bannreglum samkeppnislaga þrátt fyrir að ekki sé sýnt fram á samkeppnislegan skaða, t.d. að verð hafi hækkað eða keppinautur hafi hrökklast út af markaðnum. Er þetta sama regla og gildir í EES/EB-samkeppnisrétti, bæði í málum sem varða ólögsmætt samráð³⁸ og misnotkun á markaðsráðandi stöðu.³⁹ Hefur skýrt komið fram að ekki sé við mat á sektum þörf á að horfa til þess að brot hafi ekki skilað viðkomandi fyrirtæki hagnaði eða öðrum ávinningi. Eftir sem áður sé rétt að leggja á sektir til að tryggja varnaðaráhrif.⁴⁰ Ef hins vegar „*sýnt er fram [á] að ólögsmæt aðgerð hafi komist til framkvæmda getur það*

³⁷ 2003/EES/3/02, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB 16. janúar 2003. Sjá einnig leiðbeiningarreglur Eftirlitsstofnunarinnar frá 2006, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB 21. desember 2006.

³⁸ Hér má t.d. vísa til dóms dómstóls EB í máli nr. C-286/98P *Stora Kopparbergs Bergslags AB. V Commission* [2001] 4 CMLR 12 og dóms undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v Commission* [1999] 4 CMLR 810. Í Opel málinu frá 2000 orðaði framkvæmdastjórn EB regluna með þessum hætti: „ ... *the object of a measure is already sufficient to demonstrate an infringement. Article 15 of Regulation No 17 does not specify that the infringement has to be assessed by reference to the actual results on the market or to the harm caused to purchasers of the relevant products. The measures taken by Opel Nederland BV had as their object the restriction of competition within the meaning of Article 81*“: Ákvörðun frá 20. september 2000, mál nr. COMP/36.653.

³⁹ Sjá hér t.d. dóm undirréttar EB frá 30. september 2003 í máli nr. T-203/01 *Michelin v Commission*: „... *the applicant states that, in the contested decision ... the Commission based its assessment of the seriousness of the infringement on its alleged effects, without carrying out a detailed analysis. It maintains that the Commission made a serious error of assessment in evaluating the alleged effects of the infringement for the purpose of determining its seriousness. The applicant, submits that the practices complained of never had the anti-competitive effects which the Commission alleges. The Court notes that, in the contested decision, the Commission did not examine the specific effects of the abusive practices. Nor was it required to do so ... It is true that, in recitals 355 to 357 of the contested decision, the Commission speculated on the effects of the abusive conduct. However, the seriousness of the infringement was established by reference to the nature and the object of the abusive conduct. ... it is clear from settled case-law ... that factors relating to the object of a course of conduct may be more significant for the purposes of setting the amount of the fine than those relating to its effects.*“

⁴⁰ Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-213/00 *CMA CGM and others v Commission* [2003] ECR II913: „...*the fact that an undertaking did not benefit from an infringement cannot, according to the case-law, preclude the imposition of a fine, since otherwise it would cease to have a deterrent effect ... It follows that, contrary to Senator Lines' argument, the Commission is not required, in order to fix fines, to establish that the infringement brought about an unlawful advantage for the undertakings concerned, or to take into consideration any lack of benefit from the infringement*“



haft áhrif til hækkunar sekta.", sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2007 *Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Skipta ber mati á áhrifum af samkeppnisbroti í tvennt. Annars vegar hvort tiltekið brot hafi verið framkvæmt. Dæmi um þetta er ef ólögmaður samningur markaðsráðandi fyrirtækis kemst til framkvæmda, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2002 *Skífan hf. gegn samkeppnisráði* og hins vegar hvort framkvæmdin hafi leitt af sér bein áhrif á markaðnum, t.d. á verð eða á keppinaut.⁴¹ Báðar þessar tegundir af áhrifum af broti geta falið í sér rök til hækkunar á sektum.

Samkeppniseftirlitið telur að framangreint eigi við um umrædda einkakaupasamninga sem Vélar og verkfæri gerðu við viðskiptavinina sína. Þessir samningar voru framkvæmdir og höfðu brotin því áhrif að þessu leyti. Einkakaupaákvæði í öllum þremur samningunum voru til þess fallin að hindra innkomu nýrra fyrirtækja á markaðinn og viðhalda þar með eða styrkja markaðsráðandi stöðu Véla og verkfæra. Horfa þessi atriði til þyngingar viðurlaga.

Vélar og verkfæri eru í einokunarstöðu á þeim markaði sem skilgreindur hefur verið í máli þessu, þ.e. á efnum til framleiðslu höfuðlyklakerfa. Samkeppniseftirlitið bendir á að samkvæmt ákvæði 37. gr. samkeppnislaga geta sektir numið allt að 10% af veltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Sektir í samkeppnismálum eru ekki byggðar á útreikningum með hliðsjón af veltu viðkomandi fyrirtækja heldur byggja á heildarmati á málefnalegum atriðum sem varða alvarleika brotanna. Í því samhengi getur verið eðlilegt að horfa til fjárhagslegra upplýsinga. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2006 *Dagur Group hf. gegn Samkeppniseftirlitinu* segir:

„Til þess að stjórnslusektir sem þessar geti haft tilætluð áhrif verður loks að taka mið af styrkleika áfrýjanda en þar kemur velta hans á síðasta almanaksári og þeirrar samstæðu, sem hann tilheyrir, einkum til skoðunar.“

Í samkeppnisrétti hefur einnig verið bent á það að velta á þeim markaði sem brotið tók til gefi sanngjarna vísbendingu um umfang brotsins. Jafnframt gefi velta á viðkomandi markaði til kynna hlutlægan mælikvarða á því tjóni sem brot getur valdið samkeppni á markaðnum.⁴²

Velta Véla og verkfæra á árinu 2006 var [...] kr. og velta fyrirtækisins árið 2007 var [...] kr. Þá voru tekjur Véla og verkfæra vegna sölu efna til að framleiða höfuðlyklakerfi á

⁴¹ Af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2001 má ráða að gerður er greinarmunur annars vegar á því hvort tiltekið samráð hafi komist til framkvæmda og hins vegar hvort samráðið hafi haft bein áhrif á verð (verðáhrif). Sjá hér einnig t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í *Zinc Phosphate Cartel* málinu [2003] 5 CMLR 14: „... the actual impact of a complex of agreements in the market depends on, first whether these arrangements were implemented and, secondly, whether the implementation of these arrangements produced an effect in the market.“

⁴² Sjá t.d. dóm undiréttar EB í máli nr. T-224/00 *Amnio Acids* [2003] 5 CMLR 12: „... as is clear from settled case-law ... the proportion of turnover derived from the goods in respect of which the infringement was committed is likely to give a fair indication of the scale of the infringement on the relevant market. In particular, as the Court of First Instance has emphasised, the turnover in products which have been the subject of a restrictive practice constitutes an objective criterion which gives a proper measure of the harm which that practice causes to normal competition ... “.



árinu 2006 [...] kr. og á árinu 2007 [...] kr. Þá er ljóst að Vélar og verkfæri eru í einokunarstöðu á skilgreindum markaði. Verður að hafa þessa stöðu í huga við ákvörðun sekta til að tryggja nægjanleg varnaðaráhrif.

Varðandi tímalengd brotanna ber að líta til þess að að Vélar og verkfæri hafa verið í einokunarstöðu á markaðnum frá árinu 2002 og að brot fyrirtækisins stóðu fram til 1. júlí 2008. Samkvæmt framansögðu er ljóst að brotin hafa varað í umtalsverðan tíma og horfir það til þyngingu viðurlaga.

Með vísan til alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hæfilegt að leggja 15.000.000 kr. sekt á Vélar og verkfæri ehf. vegna brots fyrirtækisins gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

V. Ákvörðunarorð:

„Vélar og verkfæri hf. brutu gegn 11. gr. samkeppnislaga með þeim aðgerðum sem nánar er lýst í ákvörðun þessari.

Með vísan til rökstuðnings í ákvörðun þessari og með heimild í 37. gr. samkeppnislaga skulu Vélar og verkfæri ehf. greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 15.000.000 (fimmtán milljónir króna) vegna þessara brota.

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en einum mánuði eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar. Sé sektin ekki greidd innan þessa tíma skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar, sbr. 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson